

SAMTÖK  
ATVINNULÍFSINS  
ÁRSSKÝRSLA  
2012-2013



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

### **Fjógur meginmarkmið í starfi Samtaka atvinnulífsins**

- Að vera heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum atvinnulífsins.
- Að hafa mótandi áhrif á starfsumhverfi atvinnulífsins og stuðla að samkeppnishæfum og arðsömum atvinnurekstri.
- Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi atvinnurekenda að sameiginlegum hagsmunamálum.
- Að annast samskipti við stéttarfélög og gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sem falið hafa samtökunum umboð til þess. Jafnframt að leiðbeina aðildarfyrirtækjum um framkvæmd kjarasamninga og önnur vinnumarkaðsmál.

---

SAMTÖK  
ATVINNULÍFSINS  
ÁRSSKÝRSLA  
2012-2013

AÐALFUNDUR SA  
6. MARS 2013



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

**EFNISYFIRLIT**

ÁVARP FORMANNS . . . . .	3
1. kafli EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL . . . . .	4
2. kafli KJARAMÁL OG SAMNINGAR . . . . .	10
3. kafli VINNUMARKAÐSMÁL . . . . .	14
4. kafli LÍFEYRISMÁL . . . . .	16
5. kafli MENNTAMÁL . . . . .	19
6. kafli UMHVERFISMÁL OG VINNUMHVERFI . . . . .	21
7. kafli SAMFÉLAGSÁBYRGÐ OG JAFNRÉTTISMÁL . . . . .	23
8. kafli ERLEND SAMSKIPTI . . . . .	26
9. kafli ÚTGÁFA OG KYNNING . . . . .	28
10. kafli REKSTUR SA, INNRA STARF OG SKIPULAG . . . . .	34
11. kafli STJÓRNIR, NEFNDIR OG AÐILDARFÉLÖG SA . . . . .	38
Umsagnir um þingmál . . . . .	42
Áritun óháðs endurskoðanda . . . . .	43
Ársreikningur Samtaka atvinnulífsins 2012. . . . .	44
Ársreikningur Réttarverndarsjóðs SA 2012. . . . .	45
Ársreikningur Vinnudeilusjóðs SA 2012 . . . . .	46
Skipurit Samtaka atvinnulífsins . . . . .	48

# ÁVARP FORMANNS



**Vilmondur Jósefsson**

formaður Samtaka atvinnulífsins

## FLEIRI STÖRF – BETRI STÖRF

Samtök atvinnulífsins hafa undanfarið vakið athygli á próttmiklu starfi fjölmargra fyrirtækja. Við höfum birt viðtöl við framkvæmdastjóra þeirra í tímariti og á vef SA og heyrð hvað þeir telja að þurfi til að skapa fleiri og betri störf. Þrátt fyrir að margt hafi undanfarin ár verið atvinnulífinu mótdrægt þá eru fyrirtækin önnur kafin við að finna nýjar leiðir, stunda vöruþróun og bjóða nýja þjónustu. Þau leggja áherslu á að nýta aðföngin betur, sinna viðskiptavinum sínum vel og auka eigin verðmætasköpun.

Við höfum haldið fundi um allt land og heyrð sjónarmið fólks sem hefur áhyggjur af því að rafmagnið detti út í óveðrum, að netsamband sé ótryggt og að viðhaldi vega sé ekki sinnt. Fólk horfir á opinber störf hverfa á brott, að það sé sífellt erfiðara að sækja heilbrigðisþjónustu og að innviðir samfélagsins séu að ganga úr sér. Miklar áhyggjur eru af gríðarlegri sértækri skattheimtu á landsbyggðarfyrirtækin þar sem milljarðatugirnir eru sogaðir burt til ríkisins.

Afleiðingin er sú að það dregur úr fjárfestingum, erlendir fjárfestar fara annað, fólk og fyrirtæki halda að sér höndum, hagvöxturinn lætur á sér standa og lífskjör Íslendinga halda áfram að dragast aftur úr því sem best gerist.

## STEFNUBREYTING ER NAUÐSYNLEG

Góðu fréttirnar eru þær að það er hægt að breyta um stefnu. Hvar sem við höfum komið kallar fólk eftir breytingum. Það kallar eftir samstöðu aðila á vinnumarkaði. Það er óskað eftir því að atvinnulífið og stjórn málin vinni saman.

Það þarf að taka til hendinni.

Meginverkefnum má skipa í fimm flokka. Það verður að ríkja stöðugleiki og efnahagsstefnan að miðast við lága verðbólgu og raunhæfar launahækkanir. Hvetja verður til aukinna fjárfestinga innlendra og erlendra aðila með öllum ráðum. Skattkerfið verður að taka breytingum, það verður að einfalda, og afnema verður nýleg ákvæði sem draga úr getu fyrirtækjanna til að auka verðmætasköpun. Rekstrarumhverfið verður að vera samkeppnishæft við það sem best gerist. Og það verður að tryggja að menntakerfið svari betur en nú þörfum atvinnulífsins.

## KJARASAMNINGARNIR

Það var ekki sjálfgefið að Samtök atvinnulífsins myndu sætta sig við forsendubrest sem orðið hafði þegar kom að því að meta framhald kjarasamninganna í janúar síðastliðnum. Tryggingagjaldið hafði ekki lækkað eins og lofað hafði verið. Fjárfestingar og umsvif í hagkerfinu höfðu ekki aukist eins og ætlað var. Innistæða fyrir launahækkunum í febrúar var því minni en byggt var á þegar kjarasamningarnir voru gerðir í maí 2011. Þrátt fyrir þetta ákváðu samtökin að láta samningana standa enda með öllu óljóst hvaða áhrif átök á vinnumarkaði gætu haft í aðdraganda kosninga til Alþingis.

Ákveðið var að SA og ASÍ myndu móta sameiginlega sýn og leita samstöðu um meginþætti atvinnustefnu sem hefur hagvöxt, fleiri og betri störf og bætt lífskjör á grunni stöðugleika að markmiði. Niðurstaðan verður lögð fyrir stjórnmalaflokkana þannig að afstaða þeirra komi fram fyrir kosningar. Vonast er til að í kjölfarið náist viðtæk samstaða um aðgerðir til að hrinta stefnunni í framkvæmd.

## LÍFSKJARASÓKN

Það býr dulinn kraftur í fyrirtækjum landsins. Þar verða verðmætin til. Verðmætin og fjárfestingar mælast í hagvexti. Með auknum hagvexti skapast möguleiki til að sækja fram. Lífskjör batna. Skatttekjur ríkis og sveitarfélaga aukast og þau geta greitt niður skuldir. Smám saman eykst svigrúm til raunverulegra kjarabóta. Lífskjörin batna og nálgast að nýju það sem best gerist í nálægum löndum.

En til þess að þetta verði að veruleika þurfum við að vinna saman og feta ákveðna leið.

Samstöðuleið.

# EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL

## 1.1 ALPJÓÐLEG EFNAHAGSMÁL

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáði því í janúar 2013 að hagvöxtur tæki við sér á þessu ári en hann yrði þó heldur hægari en spáð var í október 2012. Horfurnar eru þó mjög mismunandi eftir löndum og svæðum. Hagvöxtur á heimsvísu er talinn verða 3,5% á þessu ári, þ.a. 1,4% að jafnaði í þróuðum ríkjum en 5,5% í nýmarkaðs- og þróunarríkjum. Á síðasta ári er ætlað að hagvöxtur hafi verið 3,2% á heimsvísu, þ.a. 1,3% í þróuðum ríkjum og 5,1% í nýmarkaðs- og þróunarríkjum. Á næsta ári er gert ráð fyrir að hagvöxtur glæðist enn, einkum í þróuðum ríkjum og verði þar 2,2% að jafnaði. Aukinn hagvöxtur er einkum rakinn til örvandi hagstjórnaraðgerða stjórnvalda um allan heim. Hagvöxtur er talinn geta orðið enn meiri ef tekst að forðast kreppur og að ástand fjármálamarkaða haldi áfram að batna. Á hinn bóginn gæti hann orðið minni ef ný vandamál koma upp á evru-svæðinu og Bandaríkin fara hratt í að draga úr fjárlagahalla. Í október sl. spáði AGS 2,6% hagvexti á Íslandi á þessu ári og 3,0% 2014.

Í síðustu spá OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, í lok nóvember 2012, var gert ráð fyrir 1,4% hagvexti á þessu ári í aðildarríkjunum 35, 0,1% samdrætti í evruríkjunum og 3,4% vexti í heimsbúskapnum. Spá OECD um hagvöxt á Íslandi var 2,7% fyrir bæði 2013 og 2014. Á meðfylgjandi súluriti sést að hagvöxtur á Íslandi var meiri árin 2011–2012 en í OECD-ríkjunum og þeirri þróun er spáð áfram á þessu ári, en langt er í land að Ísland vinni upp þann mun sem varð á hagvaxtarþróun eftir tæplega 11% samdrátt árána eftir hrúnið. Í ljósi mikilvægis evruríkjanna fyrir útflutningsatvinnuvegi Íslands, og efnahagssamdráttar í Evrópu á árinu, er þó hætt við að hagvaxtarspár fyrir Ísland séu of háar.

Hagvöxtur hefur verið minni í 25 helstu viðskiptaríkjum Íslands en í OECD-ríkjunum í heild og horfur á að svo verði áfram. Hagvöxtur var 0,4% að jafnaði í þessum ríkjum árið 2012 og er 0,9% vexti spáð á árinu 2013. Hagvöxtur í 25 helstu markaðslöndum fyrir sjávarvöruútflutning Íslendinga er heldur meiri eða 1,1% árið 2012 og 1,4% árið 2013 sem er svipað og fyrir OECD í heild. Efnahagslægingin í viðskiptalöndum Íslendinga olli því að verðlag útflutningsafurða í heild lækkaði um 1,4% á föstu gengi frá upphafi til loka ársins 2012, þ.a. lækkuðu sjávarafurðir um 1,9% og afurðir stóriðju um 1,4%.

## 1.2 HAGVÖXTUR OG RÆTUR HANS

Hagstofan áætlaði í lok nóvember 2012 að hagvöxtur hefði verið 2,7% árið 2012 og spáði 2,5%

vexti á þessu ári. Frá þeim tíma hafa nýjustu gögn um efnahagsþróunina og leiðandi vísbendingar snúist til verri vegar og hafa því bæði spár um hagþróun á síðasta ári og á þessu verið lækkaðar. Seðlabankinn áætlaði í byrjun febrúar 2013 að hagvöxtur hefði verið 2,2% á árinu 2012 og spár 2,1% vexti á þessu ári.


Eins og á árinu 2011 var hagvöxtur á síðasta ári knúinn af kröftugri aukningu einkaneyslu, en 1,4% af 2,2% hagvexti má rekja til hennar, sbr. meðfylgjandi mynd sem byggð er á spá Seðlabankans í febrúarbyrjun. 0,7% vaxtarins er rakið til aukinna fjárfestinga, einkum atvinnuvegafjárfestinga, og 0,4% til utanríkisviðskipta en framlag samneyslu var neikvætt. Jákvætt framlag utanríkisviðskipta stafar af því að útflutningur jókst meira en innflutningur sem er viðsnúningur frá árinu 2011. Á þessu ári ber vöxtur einkaneyslunnar enn uppi hagvöxtinn en horfur um fjárfestingar eru slæmar og er framlag þeirra til hagvaxtar nú áætlað verða neikvætt. Framlag utanríkisviðskiptanna til hagvaxtar er talið verða jákvætt á árinu, en það skýrist þó ekki af mikilli aukningu útflutnings heldur af óverulegri aukningu innflutnings.

Spár um aukningu einkaneyslu á þessu ári byggja á því að hún aukist umfram fjölgun starfa og aukningu kaupmáttar þannig að áfram er gert ráð fyrir því að heimilin gangi á sparnað sinn, eins og þau hafa gert undanfarin ár, sem verður að telja fremur ólíklegt. Það kann þó að örva einkaneyslu að skuldir heimila hafa lækkað um rúma 200 milljarða króna á síðustu misserum vegna endurreiknings gengisbundinna fasteigna- og bílálána, 110% leiðarinnar og sértækrar skuldaaðlögunar.

Aukning atvinnuvegafjárfestinga árið 2012 má




Hagvöxtur á Íslandi, í evru- og OECD-ríkjunum




Heimild: OECD og Seðlabankinn febrúar 2013



## Hagvaxtarspá og framlag undirliða



## Jöfnuður í utanríkisviðskiptum með og án gömlu bankanna og Actavis



að mestu rekja til stækkunar álfers Rio Tinto Alcan í Straumsvík og fjárfestinga í skipum og flugvélum. Á þessu ári er reiknað með að fjárfestingar dragist saman um 1% frá síðasta ári, þ.e. atvinnuvegafjárfestingar um rúm 11%. Spár um fjárfestingar hafa verið lækkaðar verulega vegna tafa og óvissu um stóriðjuframkvæmdir.

### 1.3 HALLI Á VIÐSKIPTUM VIÐ ÚTLÖND EN AFGANGUR EFTIR LEIÐRÉTTINGU

Þrátt fyrir að afgangur á vöruskipta- og þjónustujöfnuði hafi verið mjög mikill frá efnahagshruninu 2008 hefur mældur viðskiptahalli verið mikill vegna mikilla vaxtaberandi skulda þjóðarbúsins. Viðskiptahallinn hefur numið 7-8% af landsframleiðslu síðastliðin tvö ár en á þessu og næsta ári spáir

Seðlabankinn því að hann verði næstum helmingi minni, eða um 4% af VLF. Mældur viðskiptahalli er þó ekki góður mælikvarði á jafnvægi í utanríkisviðskiptum því í honum eru meðtaldar reiknaðar vaxtatekjur af nafnvirði skulda föllnu bankanna sem einungis verða greiddar að hluta.

Betri mælikvarði á jafnvægi í utanríkisviðskiptum er viðskiptajöfnuður án föllnu bankanna og Actavis en fjármagnsviðskipti þess snerta gjald-eyrisviðskipti sáralítið. Sá áætlaði jöfnuður sýnir afgang á viðskiptajöfnuði sem nemur 2,5-3,5% af landsframleiðslu árin 2011–2014, eða sem svarar til 40-60 milljarða króna árlega. Afgangur af þeirri stærðargráðu er þó víðs fjarri að geta staðið undir afborgunum og vöxtum af erlendum lánum opinberra aðila og einkaaðila. Af þeim sökum er lífsnauðsynlegt að Ísland komist sem fyrst í eðlilegt samband við erlenda fjármálamarkaði.

### 1.4 STAÐAN Á VINNUMARKAÐI

Fjöldi þeirra sem voru í starfi eða atvinnulausir, vinnuaflið, var óbreyttur milli árunna 2011 og 2012 samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Á vinnumarkaði voru að jafnaði 180.000 manns, þar af 169.300 starfandi og 10.900 atvinnulausir. Starfandi fólk fjölgaði milli ára um 1.900 en atvinnulausum fækkaði um 1.800. Starfandi í fullu starfi voru 128.800 og fjölgaði um 1.600 en starfandi í hlutastarfi voru 40.500 og fjölgaði um 400. Fjölgun starfandi milli kynja var álíka mikil, þ.e. 1.000 karlar og 900 konur. Það er athyglisvert að konur standa að mestu að baki fjölgunar starfandi í fullu starfi þar sem konum í fullu starfi fjölgaði um 1.400 en körlum aðeins um 200. Einnig er athyglisvert að körlum í hlutastarfi fjölgaði um 800 en konum í hlutastarfi fækkaði um 500. Starfandi fjölgaði álíka mikið á höfuðborgarsvæðinu og utan þess en fjölgunin var hlutfallslega meiri á landsbyggðinni þar sem starfandi eru næstum helmingi færri.

Atvinnuþátttaka, þ.e. hlutfall starfandi og atvinnuleitenda af íbúum á aldrinum 16-74 ára, stóð í stað á milli árunna 2011 og 2012. Töluverð breyting varð þó á atvinnuþátttöku kynjanna þar sem atvinnuþátttaka karla minnkaði úr 83,7% í 83,1% en atvinnuþátttaka kvenna jókst úr 77,0% í 77,8%. Atvinnuþátttaka minnkaði á höfuðborgarsvæðinu en jókst utan þess. Atvinnuþátttaka ungs fólks, 16-24 ára, jókst töluvert, stóð í stað hjá fólki á miðjum aldri, 25-54 ára, en minnkaði hjá eldra starfsfólki, 55-74 ára.

Árið 2012 voru 10.900 atvinnulausir og fækkaði um 1.800 frá fyrra ári. Atvinnulausir karlar voru 7.400 og fækkaði um 1.400 milli ára, en atvinnu-

lausar konur voru 5.300 og fækkaði um 400. Atvinnuleysi var 6,0% árið 2012 og minnkaði úr 7,1% frá 2011. Atvinnuleysi var 6,4% hjá körlum og minnkaði úr 7,8% en hjá konum var það 5,7% og minnkaði úr 6,2%. Atvinnuleysi var mun meira á höfuðborgarsvæðinu, 6,7%, en á landsbyggðinni þar sem það var 4,8%. Atvinnuleysi minnkaði álíka mikið í öllum aldurshópum en var langmest meðal ungmenna, 16-25 ára, 14,7% en 4,1-4-6% hjá þeim eldri. Til samanburðar minnkaði hlutfallslegt atvinnuleysi milli ára úr 7,4% í 5,8% af áætluðum mannafla samkvæmt Vinnumálastofnun sem byggir á skráðu atvinnuleysi vegna réttar til atvinnuleysisbóta en Hagstofan byggir á úrtakskönnun.

Afar ólík þróun á vinnumarkaði eftir kynjum árið 2012 vekur athygli þar sem flest þróaðist konum í hag. Konum í fullu starfi fjölgaði mikið en körlum lítið, konum í hlutastarfi fækkaði en körlum fjölgaði, atvinnuþátttaka kvenna jókst en minnkaði hjá körlum og atvinnuleysi var meira meðal karla en kvenna.

Meðalvinnutími styttest á milli árána 2011 og 2012 um 0,2 stundir eða sem nemur 0,5%. Með því að veða saman meðalvinnutíma og fjölda starfa má áætla þau ársverk sem innt eru af hendi. Áætluð ársverk voru 168.500 árið 2012 og fjölgaði um 1.100 frá fyrra ári. Vegna styttingar vinnutíma hefur ársverkum fækkað mun meira en störfum frá hámarkinu árið 2008. Þannig fækkaði ársverkum um 17.000 milli árána 2008 og 2012 samanborið við fækkun starfa um 9.000. Eftir fjölgun ársverka á síðasta ári nálgast umsvifin á vinnumarkaðnum þá stöðu sem var árið 2005.

## 1.5 ÖRYRKJUM FJÖLGAR

Í árslok 2012 voru öryrkjar 16.668 og fjölgaði um 363 milli ára. Auk þeirra voru endurhæfingarlífeyrisþegar um 1.100 þannig að öryrkjar og endurhæfingarlífeyrisþegar voru samtals tæplega 18.000. Fjöldi þeirra nemur þannig 10% í hlutfalli við vinnumarkaðinn í heild.

Örorkutíðnin er meiri hjá konum en körlum og skiptist þannig að 60% öryrkja eru konur og 40% karlar. Örorkutíðnin fer mjög vaxandi með aldri. 8% landsmanna á aldrinum 18-66 ára eru öryrkjar, 10% kvenna og rúm 6% karla, en tíðnin hjá elstu aldurshópnum á vinnumarkaðnum er mun hærrí. Þannig eru 17% kvenna á aldrinum 55-59 ára öryrkjar, 23% á aldrinum 60-64 ára og 29% á aldrinum 65-66 ára. Samsvarandi tölur fyrir karla eru 11%, 14% og 19%. Fjölgun öryrkja á árinu var mest í aldurshópnum 55-59 ára en af yngri aldurs- hópum fjölgaði mest á aldrinum 30-34 ára.


Nýir úrskurðir um 75% örorkumat (nýgengi

örorku) voru 1.102 á árinu 2012 sem er nánast sami fjöldi og árið 2011. Minna nýgengi örorku undanfarin ár samanborið við árin 2008 og 2009 er umtalsverð. Fjöldi úrskurða var þó svipaður árin 2010-2011 og árin 2006-2007 sem má að hluta rekja til starfsemi VIRK-starfsendurhæfingarsjóðs og lengingar endurhæfingartímabils hjá Trygginga- stofnun.

## 1.6 ENN MIKILL BROTTFLUTNINGUR ÍSLENDINGA AF LANDINU


Mjög margir Íslendingar fluttu brott af landinu á síðasta ári en á móti fluttu margir útlendingar til landsins. Brottfluttir íbúar í heild voru 319 umfram aðflutta árið 2012. Alls fluttu 936 Íslendingar frá landinu umfram heimkomna (0,3% Íslendinga), en

Fjöldi starfandi í fullu starfi og hlutastarfi



Heimild: Hagstofa Íslands


Atvinnuþátttaka – starfandi í hlutfalli við íbúa 16-74 ára



Heimild: Hagstofa Íslands




## Fjöldi atvinnulausra og atvinnuleysi í % af vinnuafli



Heimild: Hagstofa Íslands

## Fjöldi starfa og reiknuð ársverk í þúsundum talið



Heimild: Hagstofan og útreikningar SA

á móti fluttu 617 erlendir ríkisborgarar til landsins umfram brottflutta (2,9% af fjölda þeirra).

Þessir 936 brottflutta Íslendingar bættust við þá 5.480 sem fluttu brott umfram aðflutta árin 2009–2011 þannig að í heild fluttu 6.416 íslenskir ríkisborgarar frá landinu umfram aðflutta árin 2009–2012.

Flutningsjöfnuður Íslendinga hefur yfirleitt verið neikvæður undanfarna áratugi og var árið 2012 vel yfir meðaltali þess tímabils. Á síðustu tveimur áratugum hefur flutningsjöfnuður Íslendinga einungis verið jákvæður í þrjú ár, þ.e. árin 1999, 2000 og 2005 en hin árin 17 hefur hann verið neikvæður. Á þessu tímabili voru brottfluttir Íslendingar umfram aðflutta rúmlega 14.000 eða sem nam 0,24% af íbúafjölda að meðaltali árlega. Langmestur var nettóbrottflutningurinn árið 2009, 0,8% af íbúa-

fjölda, en þar á eftir koma árin 1995 og 2010 með 0,6% og 0,5% íbúafjölda. Nettó brottflutningurinn árið 2012 var sjötta mesta brottflutningsárið þegar litið er tvo áratugi aftur í tímann og það fimmtánda hæsta frá 1960.

Nettó brottflutningur af landinu var mestur á þriðja ársfjórðungi og minnstur á þeim fjórða eins og verið hefur undanfarin ár

## 1.7 ÞRÓUN LAUNA OG KAUPMÁTTAR

Samkvæmt kjarasamningunum sem undirritaðir voru 5. maí 2011 hækkuðu laun almennt um 3,5% frá 1. febrúar 2012 en kaupmáttur hækkuðu um 11.000 kr. og námu hækkanir þeirra allt að 6,5%. Frá 1. febrúar 2013 hækkuðu laun almennt um 3,25% en kaupmáttur einnig um 11.000 kr. og varð hlutfallsleg hækkan þeirra allt að 6,1%. Samningsaðilar áætluðu að krónutöluhækkanirnar hækkuðu laun aukalega að meðaltali um 0,5%.

Launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 4,5% milli desember 2011 og 2012 en verðbólgan var 4,2% á sama tímabili þannig að kaupmáttur launa jókst örlítið á þann mælikvarða. Það gefur þó ekki rétta mynd af launaþróuninni þar sem eingreiðslur sem samið var um í kjarasamningunum voru metnar til hækunar launavísitölunnar um 1,8% árið 2011 en til lækkunar árið 2012. Launavísitalan án áhrifa eingreiðslunnar hækkaði þannig um 6,5% og jókst því kaupmáttur launa í raun um 2,2% á árinu. Launaskrið, þ.e. launahækkanir umfram mat samningsaðila á hækkanum ársins 2012 var samkvæmt því einnig 2,2%.

Í árslok 2012 var kaupmáttur launa svipaður og í október 2008 og einnig í október 2005. Kaupmáttur lágmarkslauna, og hins almenna taxtakferfis í kjarasamningum SA og landssambanda ASÍ, hefur hins vegar aukist mun meira en kaupmáttur almennt skv. launavísitölu Hagstofunnar. Kaupmáttaraukning lágmarkslauna var rúmlega 8% frá ársbyrjun 2008 til ársloka 2012 samanborið við 7% kaupmáttarminnkun skv. launavísitölu á sama tímabili.

## 1.8 INNLENDIR ÞÆTTIR Hafa KNÚIÐ VERÐBÓLGUNA ÁFRAM

Verðbólgan, m.v. hækkan síðastliðna 12 mánuði, hefur verið á bilinu 4,0–4,5% síðastliðna sex mánuði og er útlit fyrir að svo verði áfram um sinn. Verðbólgan var 4,2% frá upphafi til loka ársins 2012, þar af hækkuðu innlendar vörur um 5,7% en innfluttar vörur án áfengis og tóbaks um 2,7%. Verðbólgan án húsnæðisliðarins var 5,0% árið 2012 en húsnæðisliðurinn sem vegur 25% í vísitölu hækkaði um innan við 1%.

Gengi krónunnar hefur sveiflast mikið undanfarið ár. Gengið styrktist um 9% milli apríl og ágúst 2012 en lækkaði síðan um 12% fram í janúar 2013. Þar sem vægi innfluttra vara er um 40% í vísitölu neysluverðs er líklegt að verðbólgan næstu mánuðina verði knúin áfram af lækkun gengis undanfarna mánuði. Þó ber til þess að líta að verðlag hækkaði mikið mánuðina febrúar til apríl 2012 og því er ólíklegt að verðbólgan verði meiri næstu mánuði en 4,0-4,5%. Verðbólguþróunin eftir það ræðst að mestu af þróun gengis krónunnar, en ef það lækkar ekki frekar mun verðbólga smám saman fara hjaðnandi út árið.

### 1.9 HORFUR Í ATVINNULÍFI

Aðstæður í atvinnulífinu hafa farið versnandi og sama gildir um horfur á þessu ári að mati stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins. Þetta var helsta niðurstaða reglubundinnar könnunar Capacents fyrir SA í desember 2012. Breyting til hins verra var afgerandi frá síðustu könnun sem gerð var í september 2012. Nægt framboð er af starfsfólki og þeim fyrirtækjum fer fækkandi sem skortir fólk. Í heild er búist við nokkurri fækkun starfsmanna á næstu sex mánuðum. Búist er við minnkandi eftirspurn á innanlandsmarkaði en aukningu erlendis. Verðbólguvæntingar fara minnkandi en eru þó miklar þar sem búist er við 4,0% verðbólgu á næstu 12 mánuðum.

### 1.10 OPINBER FJÁRMÁL

Samtök atvinnulífsins hafa lagt áherslu á að rekstur hins opinbera sé hagkvæmur og leiði ekki til skuldasöfnunar. Skattkerfið á fyrst og fremst að vera skilvirkt tekjuöflunartæki ríkissjóðs og sveitarfélaga. Það á að vera gegnsætt og laust við flækjur, skattstofnar eiga að vera breiðir og skattprósentur fár og lágur. Markmiði um jafnari tekjuskiptingu verður best náð með aðgerðum á útgjaldahlíð.


Forsendur varanlegrar tekjuaukningar ríkissjóðs eru auknar fjárfestingar sem leiða til aukinnar verðmætasköpunar og fjölgunar starfa þannig að fleiri fyrirtæki og einstaklingar greiði skatta en færri þiggi bætur og styrki.

Í skýrslu Samtaka atvinnulífsins „Skattstofnar atvinnulífsins – ræktun eða rányrkja“ sem gefin var út í nóvember 2012 var farið yfir þær gríðarlegu breytingar á skattkerfinu sem gerðar hafa verið undanfarið ár. Margar þessar breytingar hafa þrengt óeðlilega að fyrirtækjum og almenningi. Aðrar hafa einungis aukið skattaflækjur og gert atvinnulífinu erfitt fyrir en ekki aukið tekjur ríkissjóðs eins og til var ætlast. Í skýrslunni var lagt tölulegt mat á þær fjárhæðir sem hækkanir á 19 skattstofn-

um undanfarið ár hafa skilað ríkissjóði. Niðurstaðan var sú að skattahækkanir hafi numið 87 milljörðum kr. á verðlagi ársins 2013. Það samsvarar 4,5% af vergri landsframleiðslu eða sem samsvarar 270 þús. kr. á hvern íbúa eða rúmlega 1 milljón kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu.


Í skýrslunni var jafnframt gerð grein fyrir tilögum Samtaka atvinnulífsins í skattamálum. Samtökin leggja til að allar skaðlegar skattahækkanir á atvinnulífið gangi til baka í áföngum á næstu fjórum árum til að bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins, örva fjárfestingar, atvinnusköpun og þar með hagvöxt. Þessar skattalækkanir samsvara til 47 milljarða kr., eða 2,5% af landsframleiðslu, en áhrif þeirra yrðu jákvæð fyrir tekjur hins opinbera til lengri tíma þar sem þær myndu stuðla að auknum vexti og þar með stærra skattstofnum. Tekjutapi

#### Nýgengi öroruku eftir kynjum – Fjöldi úrskurða um 75% örorumat á ári hverju




Heimild: TR

#### Fjöldi aðfluttra íslenskra ríkisborgara umfram brottflutta og hlutfall þeirra af íbúafjölda eftir ársfjórðungum




Heimild: AGS, janúar 2012, Hagstofa mars 2012

### Þróun kaupmáttar lágmarkslauna og launa skv. launavisitölu. Jan. 2008=100




Heimild: SA, Hagstofa Íslands

### Verðbólga, launahækkunir og gengisbreytingar síðastliðna 12 mánuði



Heimild: Hagstofan og Seðlabankinn

### Visitala efnahagslífsins



Heimild: Könnun Capacents fyrir SA á stöðu og framtíðarhorfum stærstu fyrirtækja

ríkissjóðs að öðru leyti yrði mætt með endurbótum á skattstofnum sem best eru til þess fallnir að afla ríkissjóði tekna.

Samanburður á útgjöldum ríkissjóðs á föstu verðlagi á milli árána 2008 og 2013, samkvæmt fjárlögum 2013, leiðir í ljós lækkun þeirra um 54 milljarða króna á tímabilinu, eða 38% aðhaldsaðgerða. Þegar nánar er rýnt í niðurskurð útgjalda kemur fram að varanlegur sparnaður er umtalsvert minni en fyrrnefndar tölur bera með sér. Þannig hefur stofn- og viðhaldskostnaður ríkisins lækkað um 25 milljarða kr. á verðlagi ársins 2013 (viðhald á vegum, byggingum o.fl.) en varanleg rekstrar- og tilfærsluútgjöld einungis um 29 milljarða kr., eða um fimmting aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum.

Samtök atvinnulífsins stóðu að þeirri markmiðssetningu stöðugleikasáttmálsins frá júní 2009 að ná skyldi jafnvægi í ríkisfjármálum með því að skattahækkunar næmu 45 prósentum aðhaldsaðgerða en útgjaldalækkunar 55 prósentum. Ríkisstjórnin stóð ekki við þetta markmið. Samtök atvinnulífsins vörðu hækkun tryggingagjalds árið 2009 til þess að standa undir kostnaðinum af auknu atvinnuleysi, enda myndi tryggingagjaldið svo lækka þegar atvinnuleysi færi aftur minnkandi. Um það var samið við ríkisstjórnina í maí 2011 en þeir samningar voru að engu hafðir.

Tillögur Samtaka atvinnulífsins um hófsamar og ábyrgar skattalækkunir á atvinnulífi á næstu árum þarf að skoða í því ljósi að skattahækkunir hafa verið langt umfram markmiðið um 45 prósent af aðlögunarþörfinni í ríkisfjármálum og í mörgum tilvikum gengið allt of nærri þeim sem þurfa að standa undir aukinni skattbyrði. Slíkar skattahækkunir skila ekki árangri því að þær rýra skattstofnana og hefta vöxt atvinnulífsins.

Tillögur Samtaka atvinnulífsins þarf enn fremur að skoða í samhengi við margitrekkaðar ábendingar um að auknar fjárfestingar og meiri umsvif í atvinnulífinu eru lykilatriði til þess að skattar skili ásættanlegum tekjum í ríkissjóð.



# KJARAMÁL OG SAMNINGAR

Þann 21. janúar 2013 var undirritað samkomulag um framlengingu gildandi kjarasamninga til 30. nóvember sem stytta gildistíma þeirra um tvo mánuði en aðrar breytingar voru ekki gerðar á þeim. Breytingin var gerð á grundvelli þess að tilteknar forsendur samninganna höfðu brugðist.

## 2.1 NIÐURSTAÐA FORSENDUNEFNDAR ASÍ OG SA

Í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ frá 5. maí 2011 eru forsenduákvæði. Þar segir að sérstök forsendunefnd skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ og tveimur af SA skuli taka þegar til starfa. Hún skuli fjalla um þróun kjara-, efnahags-, atvinnu- og félagsmála á samningstímanum og eftir atvikum leita eftir samstarfi við stjórnvöld, í því skyni að stuðla að því að markmið samninganna um að auka hagvöxt, skapa störf, auka jafnvægi í efnahags- og atvinnulífi milli einstakra greina, lága verðbólgu og aukinn kaupmátt nái fram að ganga.

Forsendur kjarasamninganna voru að á árinu 2012 færi kaupmáttur vaxandi samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands, verðbólga yrði innan við 2,5% í desember 2012 m.v. sl. 12 mánuði, gengisvísitala íslensku krónunnar yrði innan við gildið 190 í desember 2012 og stjórnvöld stæðu við gefin fyrirheit í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana.

Í samningunum segir einnig að fari svo að forsendurnar standist ekki skuli samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórn SA leita samkomulags um viðbrögð og vinna að því að þeir haldi gildi sínu. Náist samkomulag um viðbrögð haldi samningurinn gildi en ella falli hann úr gildi frá lokum janúar kjósi annar hvor aðillinn að gera það með rökstuddu álit og tilkynningu fyrir kl. 16:00 þann 21.1. 2013.

Kaupmáttur launa skv. launavísitölu Hagstofunnar jókst á árinu 2012. Launavísitalan hækkaði um 4,7% frá desember 2011 til nóvember 2012 sem var umfram verðbólgu á tímabilinu desember 2011 til desember 2012.

Verðbólga var 4,2% frá desember 2011 til 2012 sem var umfram samningsforsendu um 2,5% hækkun og gengisvísitala krónunnar í desember 2012 var 227,4 en gildið 190 var tiltekið sem samningsforsenda. Þá hefur ríkisstjórnin ekki staðið að fullu við yfirlýsingu sína frá 5. maí 2012 og má í því sambandi nefna að tryggingagjaldið var ekki lækkað til samræmis við minnkandi atvinnuleysi, ekki var staðið við hækkun bóta til samræmis við hækkunir umsaminna kauptaxta og ekki var

stuðlað að auknum fjárfestingum og umsvifum eins og að var stefnt.

Niðurstaða forsendunefndarinnar er því sú að einungis forsendan um aukinn kaupmátt hafi staðist en aðrar forsendur brugðist. Forsendunefndin vísar því málinu til samninganefndar ASÍ og framkvæmdastjórnar SA til umfjöllunar og ákvörðunar.

Reykjavík, 21. janúar 2013

Vilhjálmur Egilsson [sign]  
Gylfi Arnbjörnsson [sign]  
Hannes G. Sigurðsson [sign]  
Ólafur Darri Andrásson [sign]

## 2.2 SAMKOMULAG ASÍ OG SA VEGNA ENDURSKOÐUNAR OG FRAMLINGINGAR KJARASAMNINGA

### Inngangur

Forsendur kjarasamninganna frá 5. maí 2011 voru að á árinu 2012 færi kaupmáttur vaxandi, verðbólga yrði innan við 2,5%, gengisvísitala krónunnar yrði innan við gildið 190 í desember 2012 og að stjórnvöld stæðu við fyrirheit í yfirlýsingu sinni í tengslum við kjarasamningana.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa fjallað um forsendur kjarasamninganna. Forsenda um kaupmátt hefur staðist að mati samningsaðila en ekki forsendur um gengi krónunnar og verðbólgu. Stjórnvöld hafa hvorki eftir fyrirheit um lækkun tryggingagjalds til samræmis við minnkandi atvinnuleysi né hækkun bóta almanna- og atvinnu-





leysistrygginga. Mikilvægustu efnahagslegu forsendur kjarasamninganna um auknar fjárfestingar í atvinnulífinu hafa ekki staðist sem að stórum hluta verður að skrifa á reikning stjórnvalda.

Kaupmáttur lægstu launa hefur haldið áfram að aukast og hluti launafólks hefur notið meiri launahækkana en samkvæmt kjarasamningi. Það er áhyggjuefni að vegna mikillar verðbólgu minnkaði kaupmáttur launa mikils fjölda launafólks á árinu 2012 og að óbreyttu eru horfur í verðlagsmálum dökkar á komandi mánuðum. Því skiptir miklu máli að verðbólga verði hamin, einkum með meiri stöðugleika í gengi krónunnar.

Samningsaðilar hafa sameinast um eftirfarandi til að stuðla að áframhaldandi samstarfi samningsaðila um uppbyggingu atvinnulífsins og auknum stöðugleika:

#### **Stytting samningstíma og flýting viðræðna um nýjan kjarasamning**

Samtökin eru sammála um að stytta samningstímann í gildandi kjarasamningum frá 5. maí 2011 til 30. nóvember 2013. Samtökin telja í því samhengi mikilvægt að samningsaðilar hefji nú þegar vinnu vegna næstu kjarasamninga, sem þarf að felast í mótun á sameiginlegri sýn á svigrúmi atvinnulífsins og samfélagsins til launahækkana og aukins kaupmáttar á næstu árum. Ennfremur þarf að hefja sameiginlega stefnumörkun til að tryggja vöxt og viðgang atvinnulífsins og efnahagslegan stöðugleika sem byggður verði á stöðugu gengi en það eru forsendur framfara og bættra lífskjara.

#### **Samstaða um atvinnustefnu**

Samtökin vilja á næstu vikum leita samstöðu sín á milli um meginþætti atvinnustefnu sem hefur hagvöxt, fleiri og betri störf og bætt lífskjör á grunni stöðugleika að markmiði. M.a. verði nýleg skýrsla McKinsey um sóknarfæri Íslands höfð til hliðsjónar, auk þeirrar vinnu sem unnin hefur verið á vegum samningsaðila og annarra gagna og stefnumótunar sem liggur fyrir hjá opinberum aðilum eða öðrum. Niðurstaða þessarar sameiginlegu vinnu ASÍ og SA verði lögð fyrir stjórnmalaflokkana þannig að afstaða þeirra komi fram fyrir komandi kosningar. Í framhaldi af kosningum og myndun nýrrar ríkisstjórnar verði raunhæf aðgerðaáætlun til næstu ára fullunnin.

#### **Samstarf um mótun stefnu í gengis- og verðlagsmálum**

Samtökin vilja leita samstöðu um stefnu og aðgerðir á sviði gengis- og peningamála á næstu mánuðum sem lagt geti traustari grunn að þróun verðlags og jöfnun starfsskilyrða atvinnulífsins. Byggt verði á nýlegu þverpólitísku samkomulagi um mótun peningastefnu ásamt því að áætlun stjórnvalda og Seðlabankans um afnám gjaldeyrishafta verði endurmetin. Óskað verður eftir samstarfi og samræðu við stjórnmalaflokkana til þess að freista þess að ná breiðu samkomulagi um stefnuna í gengis- og peningamálum til næstu ára. Ennfremur munu ASÍ og SA beita sér fyrir aðgerðum til lækunar verðlags, svo sem með breytingum á verðmyndun og aukinni samkeppni á neytendamarkaði, og aðhaldi að verðhækkunum fyrirtækja og gjaldskrárhækkunum opinberra aðila.

#### **Efling starfsmenntasjóða**

Á undanförunum misserum hefur samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um virkar vinnumarkaðsaðgerðir og aukna þjónustu við atvinnuleitendur skilað mikilvægum árangri. Verið er að ýta áttakinu „Liðsstyrkur“ úr vör, þar sem þeim sem verið hafa án atvinnu í þrjú ár eða lengur verður boðið sex mánaða starfstengt úrræði. Fyrirhugað er að treysta samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar, þar sem markmiðið er að lækka verulega hlutfall þeirra einstaklinga sem ekki hafa lokið viðurkenndu námi á framhaldsskólastigi. Í þessu skyni munu samningsaðilar á næstu mánuðum gera sérstaka áætlun um áherslur starfsmenntasjóða og eflingu þeirra á þessu sviði þannig að þeir geti staðið undir aukinni starfsemi. Samkomulag er um að tiltekin framlög til þeirra hækki í áföngum um 0,1% eigi síðar en 1. janúar 2015 sem



útfært verður í næstu kjarasamningum. Jafnframt eru aðilar sammála um að þegar á árinu 2013 muni sjóðirnir auka framlög til menntamála með því að ganga á eigið fé sitt ef með þarf.

### Bætt vinnubrögð við samningsgerð

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands vilja koma að sameiginlegu borði með aðilum opinbera vinnumarkaðarins og setja markmið um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Fyrirmynda verði leitað í nágrannaríkjum okkar sem tekst hefur að auka kaupmátt samhliða lágrí verðbólgu. Stefna þarf að því að sameiginleg sýn allra aðila vinnumarkaðarins á svigrúmi atvinnulífsins og samfélagsins til aukins kostnaðar og bættra lífskjara næstu árin liggi fyrir í byrjun sumars og verði mótandi í nýrri lotu kjarasamninga næsta haust.

### Lífeyrismál

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands eru sammála um að vinna áfram að jöfnun lífeyrisréttinda á grundvelli þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í sameiginlegri nefnd alls vinnumarkaðarins. Sú vinna hefur dregist m.a. vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag milli ríkisins og opinberra starfsmanna um fortíðarvanda opinbera lífeyriskerfisins og því ekki forsendur til þess að ljúka viðræðum milli aðila á grundvelli yfirlýsingar þeirra frá 5. maí 2011. Aðilar eru sammála um að innihald yfirlýsingarinnar haldi gildi sínu.

### Aðgerðir gegn svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættu siðferði í atvinnulífinu

Samtökin eru sammála um að vinna áfram gegn svartri atvinnustarfsemi, kennitölufлакki og að bættri framkvæmd útboðsmála. Svört atvinnustarfsemi leiðir til félagslegra undirboða sem valda samfélaginu öllu, launafólki og fyrirtækjum, tjóni. Launafólk glatar mikilvægum réttindum og fyrirtæki sem virða kjarasamningsbundin réttindi og standa skil á opinberum gjöldum missa verkefni og viðskipti til þeirra sem kerfisbundið koma sér undan lög- og kjarasamningsbundnum skyldum sínum.

### Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins gera með sér eftirfarandi samkomulag á þeim grundvelli sem að framan greinir:

1. Gildistími kjarasamninga milli aðila sem undirritaðir voru 5. maí 2011 stýttist til 30. nóvember 2013.
2. Iðgjöld atvinnurekenda í mennta- og fræðslusjóði hækka á áföngum um 0,1% og skal þeirri aðgerð lokið eigi síðar en 1. janúar 2015. Samn-

ingsaðilar munu í tengslum við næstu kjarasamninga útfæra nánar ráðstöfun þessarar hækkunar vegna aukinna verkefna í tengslum við átakið um að innan við 10% vinnumarkaðarins verði án viðurkenndrar framhaldsmenntunar. Ákvæði þetta á við um mennta- og fræðslusjóði aðila að kjarasamningunum 5. maí 2011 auk annarra aðila sem beint tengjast viðkomandi sjóðum með kjarasamningum. Ákvæðið á enn fremur aðeins við þar sem samið hefur verið um hlutfallsgreiðslu af launum til sjóðanna.

Reykjavík, 21. janúar 2013

*F.h. samninganefndar  
Alþýðusambands Íslands*

Gylfi Arnbjörnsson [sign]  
Björn Snæbjörnsson [sign]  
Kristján Þórður Snæbjarnarson [sign]  
Sigurður Bessason [sign]  
Signý Jóhannesdóttir [sign]  
Stefán Einar Stefánsson [sign]  
Guðmundur Ragnarsson [sign]  
Finnbjörn Á. Hermannsson [sign]

*F.h. Samtaka atvinnulífsins*

Vilmundur Jósefsson [sign]  
Vilhjálmur Egilsson [sign]  
Grímur Sæmundsen [sign]  
Margrét Kristmansdóttir [sign]  
Birna Einarsdóttir [sign]  
Helgi Magnússon [sign]  
Hannes G. Sigurðsson [sign]





## Fyrirheit ríkisstjórnarinnar – mat SA á efdum

Loforð	Staða að mati SA
<b>Efnahagsstefnan</b>	
Efnahagsstefnan almennt	Verðbólga, vextir og gengi ekki í samræmi við væntingar
Ríkisfjármálastefna	Heildarafgangur 2013 næst ekki
Mótun nýrrar umgjardar fyrir peningastefnuna	Hefur gengið mjög hægt
Aðkoma að endurmati efnahagsáætlunar	Hefur ekki gengið eftir
Afnám gjaldeyrishafta, höftin verði ekki lengur en brýna nauðsyn beri til	Boðað að höft verði áfram
<b>Bætur almannatrygginga og persónuafsláttur</b>	
Persónuafsláttur	Efnt
Stjórnvöld endurskoði bætur almannatrygginga með hliðsjón af niðurstöðum kjarasamninga milli ASÍ og SA þannig að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og um verður samið í kjarasamningunum	ASÍ mátti ætla að bætur hækkuðu eins og lægstu laun sem ekki gerðist.
<b>Starfsskilyrði atvinnulífsins</b>	
Tryggingargjald skuli lækkað skapast svigrúm til þess vegna lækkandi atvinnuleysis	Ekki efnt
Embætti ríkisskattstjóra standi fyrir tímabundnu átaki með fulltíngi fjármálaráðuneytisins í samvinnu við SA og ASÍ um meðal annars að sporna gegn svartri atvinnustarfsemi	Gekk eftir. Samvinna er í gangi
Breytingar á lögum um tekjuskatt vegna atvinnulífsins	Gengið eftir að hluta
Samráð um umbætur í skattamálum	Gengið eftir að hluta
<b>Sókn í atvinnumálum</b>	
Atvinnuleysi verði ekki hærra en 4-5% í lok samningstímans	Hefur ekki gengið eftir
	Stefnir í meira atvinnuleysi, verður líklega meira en 5% í lok samningstímans
Fjárfesting verði ekki lægri en 350 milljarðar á ári í lok samningstímans	Gengur ekki eftir
<b>Framkvæmdir á árinu 2011 og 2012</b>	
3,1 milljarður vegna byggingar nýs Landsspítala	Hefur ekki gengið eftir
Gerð Vaðlaheiðarganga hefjist haustið 2011	Framkvæmdir tafist verulega
Um 5 milljarða króna fjárfesting í nýjum hjúkrunarheimilum	Komið í gang
Aukið fé verði sett í vegaframkvæmdir á Vestfjörðum	Hefur gengið eftir
Ofangreint feli í sér aukna fjárfestingu um 13 milljarða til loka árs 2012	Hefur ekki gengið eftir
Undirbúningur vegaframkvæmda á Suðvesturlandi	Gekk ekki eftir
Nýbygging fyrir stofnun Vigdísar Finnbogadóttur	Mjög hægur gangur
<b>Sókn í orku- og iðnaðarmálum</b>	
Stefnt að afgreiðslu rammaáætlunar haustið 2011	Áætlunin óaðgengileg
Stefnt að afgreiðslu samninga um tvö umtalsverð fjárfestingarverkefni, þar af annað á Norðausturlandi, og að framkvæmdir hefjist árið 2012	Gekk ekki eftir
Fjárfesting lítilla og meðalstórra fyrirtækja verði aukin	Hefur ekki gengið eftir.
Ísland verði kynnt fyrir erlendum fjárfestum sem fjárfestingarkostur með markvissum aðferðum og auknu fé til markaðssóknar	Hefur ekki gengið eftir.
Hindrunum í vegi erlendra fjárfestingar verði rutt burt	Hefur ekki gengið eftir
Átak til að fjölga erlendum ferðamönnum um 50.000 yfir vetrartímann og skapa þannig 1.000 störf	Hefur gengið eftir
<b>Menntamál og vinnumarkaðsúrræði</b>	
Öllum sem eftir leita verða tryggð námstækifæri haustið 2011	Hefur gengið eftir
Þeim sem eru 25 ára og eldri verður gefinn kostur á úrræðum í framhaldsfræðslu	Hefur gengið eftir
Aðgengi atvinnuleitenda og fyrirtækja að starfstengdum úrræðum verði bætt og umsýslukerfi einfaldað	Hefur verið efnt að hluta
Starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur fjölgað um allt að 1.500 árið 2011	Nánast gengið eftir
Stofnaður verður þróunarsjóður til að efla starfstengt nám á framhaldsskóla- og háskólastigi og þróa styttri námsbrautir	Hefur gengið eftir
Virk heilsuvernd á vinnustöðum sporni gegn ótímabæru brottfalli af vinnumarkaði, meðal annars með forvörnum	Hefur gengið eftir
Tilraunaverkefni um aukna þjónustu við atvinnuleitendur	Gekk eftir með seinkun
Framlög ríkisins og lífeyrissjóðanna til starfsendurhæfingar verði lögbundin	Hefur gengið eftir
<b>Lífeyrismál</b>	
Jöfnun áunninna lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins	Hefur ekki gengið eftir
Stjórnvöld skipi starfshóp með fulltrúum ASÍ, SA og fjármálaráðherra til að gera tillögur um útfærslu. Skili niðurstöðum fyrir lok september 2011	Starf gengur hægt vegna tafa í viðræðum á opinberum vinnumarkaði
<b>Húsnæðismál</b>	
Sérstök vaxtaniðurgreiðsla til heimila sem greidd verður árin 2011 og 2012 sem áætlað er að muni kosta um 6 milljarða króna	Hefur gengið eftir
Höfuðstóll gengistryggðra lána hefur verið færður niður í samræmi við dóma Hæstaréttar	Fleiri dóma Hæstaréttar þarf til að eyða óvissu
<b>Bókanir</b>	
Bókun um málsmeðferð í sjávarútvegsmálum	Gekk ekki eftir
Bókun um framkvæmd yfirlýsingar	Hefur ekki gengið eftir

# VINNUMARKAÐSMÁL

## 3.1 ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Dregið hefur mjög úr útgjöldum Ábyrgðasjóðs launa á árinu 2012, sérstaklega á síðari hluta ársins. Heildargreiðslur úr sjóðnum voru um 1.058 milljónir króna árið 2012 og hafa þær lækkað um 38% milli ára. Þar af voru um 296 milljónir vegna launa og orlofs og um 526 milljónir króna vegna lifeyrissjóða. Heildartekjur voru um 2.400 m.kr., þar af 110 m.kr. vegna úthlutunar úr þrotabúum og ábyrgðargjald um 2.290 milljónir króna. Skuldir sjóðsins við ríkissjóðs voru um 700 milljónir í lok árs 2012 að teknu tilliti til fjármagnsgjalda af neikvæðri fjárhagsstöðu sjóðsins. Hlutdeild ábyrgðargjalds í tryggingagjaldi var 0,3% árið 2012.

## 3.2 ATVINNULEYSISTRÝGGINGA-SJÓÐUR

Hlutdeild atvinnuleysistryggingasjóðs í tryggingagjaldi, atvinnutryggingagjaldið, er nú 2,05% en það lækkaði um 0,4% þann 1. janúar 2013. Almenn tryggingagjald var hækkað um 0,3% á móti og nam lækkunin á tryggingagjaldinu því aðeins 0,1%. Samkvæmt forsendum samkomulags aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar Íslands vegna undirritunar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í maí 2011 hefði gjaldið getað lækkað um 0,75% í takt við minnkandi atvinnuleysi og rúma fjárhagsstöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Áætlað er að heildartekjur sjóðsins árið 2012 hafi verið 32 milljarðar króna en heildarútgjöldin 23.170 milljónir króna og að eigið fé sjóðsins hafi verið tæpir 15 milljarðar í árslok 2012. Eigið fé sjóðsins var 15,6 milljarðar árið 2008 en fór lægst í 1,5 milljarða í árslok 2009.

Greiðslur atvinnuleysisbóta námu 19.075 m.kr. á árinu 2012. Að auki greiddi sjóðurinn fyrir ýmsar vinnumarkaðsaðgerðir. Þar má nefna um 1.760 m.kr. vegna starfsþjálfunar og átaksverkefna, en þar á meðal var átaksverkefnið *Vinnandi vegur*. Þá greiddi sjóðurinn 890 m.kr. vegna sérstakra úrræða fyrir atvinnulausa, en þar voru helstu verkefnið sumarátak námsmanna með 355 m.kr. og kaup á þjónustu vegna úrræða með 340 m.kr. Framlag atvinnuleysistryggingasjóðs til reksturs Vinnumálastofnunar fyrir árið 2012 var kr. 795 m.kr.

Atvinnuleysistryggingasjóður fjármagnar auk þess tilraunaverkefni velferðarráðuneytis, Vinnumálastofnunar, SA og ASÍ um þjónustu við atvinnuleitendur, sem leiddi til stofnunar STARFS – vinnumiðlunar og ráðgjafar ehf. Framlag til verkefnisins var kr. 75,3 milljónir á árinu 2012.

Breytt var lögum um greiðslur úr atvinnuleysistryggingasjóði vegna hráfnisskorts í fiskvinnslu eftir að kynntar voru áætlanir í fjárlögum um

afnám þeirra greiðslna, en heimildir í fjárlögum undanfarin ár hafa ekki endurspeglad raunveruleg fjárútlát vegna þess úrræðis. Frá og með 1. janúar 2013 verður árinu skipt í tvö sex mánaða tímabil og fyrstu þrjú hráfnislausu dagarnir á hvoru tímabili koma ekki til endurgreiðslu. Auk þess á fyrirtæki ekki rétt til greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði ef tímabundna vinnslustöðvun ber upp á föstudag og fimmtudagurinn á undan er lögbundinn frídagur. Þá er hætt að greiða tryggingagjald og mótfrelag í lifeyrissjóð sem hluta styrks. Heildarfjöldi endurgreiddra daga hefur verið fækkað í 35 og fjöldi daga í samfelldri hráfnisstöðvun geta nú verið að hámarki 15.

## 3.3 VINNUMÁLASTOFNUN

Vinnumálastofnun annast vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir skv. lögum nr. 55/2006. Meðal-atvinnuleysi árið 2012 var 5,8%. Vinnumálastofnun spáir því að meðal-atvinnuleysi fyrir árið 2013 verði 4,3%, en í fjárlögum 2013 er gert ráð fyrir 3,6%. Talið er að um 3.700 manns muni fullnýta bótarétt sinn á tímabilinu 1. september 2012 til 31. desember 2013. Til að virkja þessa atvinnuleitendur til þátttöku að nýju á vinnumarkaði var í ársbyrjun 2013 sett á laggirnar átaksverkefnið *Liðsstyrkur*.

Heildartekjur Vinnumálastofnunar fyrir árið 2012, þ.e. fjárlög og sértekjur, voru 1.243 m.kr. Rekstrar-tekjur Vinnumálastofnunar koma fyrst og fremst frá sjóðum í vörslu stofnunarinnar, 795 m.kr. frá atvinnuleysistryggingasjóði, 52 m.kr. frá ábyrgðasjóði launa og 86 m.kr. frá fæðingarorlofssjóði. Heildarútgjöld Vinnumálastofnunar á árinu 2012 voru 1.187 m.kr. Tekjuafgangur ársins var því um 56 m.kr. Eigið fé stofnunarinnar nam 124 m.kr. í árslok 2012.

## STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf.

Þann 10. febrúar 2012 var undirritað samkomulag milli velferðarráðuneytisins, Vinnumálastofnunar, SA og ASÍ um að efna til tilraunaverkefnis um að efla vinnumiðlun og stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum til að auka líkur á að atvinnuleitendur fái störf á vinnumarkaði að nýju. Byggir samkomulagið á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga vorið 2011.

SA og ASÍ stofnuðu sameiginlegt félag, *Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf.* (STARF) til að annast framangreinda þjónustu við atvinnuleitendur og fær til þess greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Starfsemin hófst 1. ágúst 2012 og varir til loka apríl 2015. Gæðaeftirlit og mat á verkefninu er í höndum velferðarráðuneytis.

Tilraunaverkefnið tekur til rúmlega fjórðungs fólks sem er í atvinnuleit. Þetta eru atvinnuleit-





endur á Austurlandi sem eru félagsmenn aðildarfélaganna ASÍ, atvinnuleitendur á Suðurnesjum sem eru félagsmenn í Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur, Verkalýðsfélags Grindavíkur, Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélagi Sandgerðis og FIT (Félagi iðn- og tæknigreina). Verkefnið nær einnig til atvinnuleitenda á höfuðborgarsvæðinu sem eru félagsmenn í VR, FIT og Byggið (áður Fagfélagið).

Stéttarfélagin veita félagsmönnum sem eru í atvinnuleit ráðgjöf í þjónustumiðstöðvum sínum og annast atvinnuráðgjafar STARF verkið. Með þessari nálægð atvinnuleitenda við eigið stéttarfélag og aðkomu atvinnurekenda að verkefninu er vonast til að ná megi fram persónulegri þjónustu og markvissari vinnumiðlun en unnt hefur verið að bjóða til þessa.

### Liðsstyrkur

Samtök atvinnulífsins taka þátt í átakinu *Liðsstyrkur* þar sem almenni vinnumarkaðurinn, sveitarfélög og ríki í samstarfi við stéttarfélag og Atvinnuleysis-tryggingasjóð stefna að því markmiði að skapa 2.200 ný störf til a.m.k. 6 mánaða fyrir þá atvinnuleitendur sem hafa fullnýtt eða munu fullnýta bótarétt sinn hjá Atvinnuleysistryggingasjóði á árinu 2013. Fyrirtækin í landinu gegna meginhlutverki í átakinu en þeim er ætlað að ráða a.m.k. 1.320 langtímaatvinnulausa á árinu 2013.

Stefnt er að því að öllum atvinnuleitendum sem fylla þennan hóp, samtals um 3.700 manns, verði boðin vinna eða starfsendurhæfing á árinu 2013 enda skrái þeir sig til þátttöku í átakið.

Atvinnuleysistryggingasjóður niðurgreiðir launakostnað atvinnurekenda við ný störf í 6 mánuði sem nemur grunnatvinnuleysisbótum ásamt 8% framlagi í lífeyrissjóð, samtals kr. 186.417. á mánuði. Styrkurinn verður 10% lægri í mars og apríl 2013 og 20% lægri frá maí til ársloka 2013. Atvinnurekandi gerir síðan hefðbundinn ráðningarsamning við atvinnuleitanda og greiðir honum laun samkvæmt kjarasamningi.

Sérstakur biðstyrkur er í boði fyrir þá atvinnuleitendur sem hafa verið skemur en 42 mánuði á bótum þegar þeir missa bótarétt sinn. Sá styrkur er tímabundinn í allt að sex mánuði eða þar til viðkomandi fær tilboð um starf. Styrkfjárhæð svarar til fyrri bótaréttar einstaklings.

Reynslan sýnir að stór hluti þess fólks sem ráðið er til reynslu eða starfsþjálfunar með þessum hætti kemst í varanlegt starf í framhaldi af því. Þeim atvinnuleitendum sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda verður vísað til VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs og boðin starfsendurhæfing.

Um miðjan febrúar höfðu um 850 atvinnuleitendur skráð sig í átakið og um 930 störf höfðu verið skráð í starfabanka Liðsstyrks frá því hann opnaði um miðjan janúar. Þá hafði verið ráðið í 70 störf en ráðgjafar og vinnumiðlarar hjá Vinnumálastofnun og STARF hafa samband við atvinnurekendur og atvinnuleitendur um vinnumiðlun.

### 3.4 VIRK – STARFSENDURHÆFINGAR-SJÓÐUR

Þann 25. júní 2012 samþykkti Alþingi lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, nr. 60/2012. Markmið laganna er að tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa atvinnutengda starfsendurhæfingu þannig að sem flestir eigi þess kost að vera virkir á vinnumarkaði. Löggin fela í sér skyldutryggingu og skylduaðild að starfsendurhæfingarsjóði fyrir alla launamenn og þá sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Með lögnum var starfsemi VIRK skapaður lagagrundvöllur.

Samkvæmt lögnum eru framlög til starfsendurhæfingarsjóða þrenns konar. Í fyrsta lagi iðgjald launagreiðenda sem nemur 0,13% af heildarlaunum, í öðru lagi skulu lífeyrissjóðir inna af hendi gjald sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga og í þriðja lagi greiðir ríkissjóður sem svarar 0,13% af tryggingagjaldstofni frá árinu 2015. Árið 2013 greiðir ríkissjóður fjórðung og árið 2014 þrjá fjórðu hluta af endanlegu framlagi.

Gera á heildarúttekt á þjónustu starfsendurhæfingarsjóða samkvæmt lögnum fyrir árslok 2016. Leggja á mat á það hvort framlögum hafi verið ráðstafað með skilvirkum hætti í þágu settra markmiða og hvort þjónusta starfsendurhæfingarsjóða hafi haft mælanleg áhrif á örorkubyrði lífeyrissjóða og almannatrygginga og nýgengi örorku.

Árið 2012 námu tekjur VIRK einum milljarði króna og á þessu ári eru þær áætlaðar rúmum tveir milljarðar. Lífeyrissjóðir hófu að greiða framlög til VIRK á síðustu mánuðum ársins 2012 til jafns við atvinnulífið.

Uppbygging VIRK hefur verið hröð og eftirspurn eftir þjónustu er mikil og vaxandi. Á árunum 2009–2012 hafa 4.000 einstaklingar komið í þjónustu til ráðgjafa VIRK og þar af voru 1.200 nýir þátttakendur árið 2012. Nú starfar 21 sérfræðingur á skrifstofu VIRK og 35 ráðgjafar sem staðsettir eru á skrifstofum verkalýðsfélaga um land allt, samtals 56 starfsmenn, en áformað er að ráðgjafar verði orðnir 45 í árslok 2013. Að auki kemur fjöldi annarra sérfræðinga og úrræðaaðila að þjónustunni.



# LÍFEYRISMÁL

## 4.1 STAÐA LÍFEYRISJÓÐANNA

Hreinar eignir allra lífeyrissjóða, bæði samtryggingar- og séreignarsjóða, námu 2.400 milljörðum króna í árslok 2012, samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands. Þar af var hrein eign séreignardeilda 240 milljarðar eða 10%. Aukning hreinna eigna sjóðanna milli ára nam um 300 milljörðum króna eða 14%. Að teknu tilliti til rúmlega 4% verðbólgu innan ársins nam raunaukning eigna um 9%. Ávöxtun sjóðanna á árinu 2012 var mjög góð og var 7-8% raunávöxtun algeng hjá stærstu sjóðunum. Fyrir liggur því að ávöxtun verði langt yfir viðmiðun sjóðanna um 3,5% raunávöxtun þannig að tryggingafræðileg staða þeirra batnaði verulega á árinu. Rekja má þennan góða árangur að mestu til mikillar ávöxtunar af innlendri og erlendri hlutabréfaeign.

Hreinar eignir sjóðanna hækkuðu milli ára úr 129% í 137% af landsframleiðslu og er hlutfallið orðið mun hærra en það varð hæst árið 2007.

## 4.2 ALPJÓÐLEGUR SAMANBURÐUR

Í alþjóðlegum samanburði er Ísland vel í stakk búið til að mæta efnahagslegum áskorunum vegna hækkingar meðalaldurs og hlutfallslegrar fjölgunar aldraða á næstu árum og áratugum vegna styrks lífeyrissjóðanna. Árleg fjölgun íbúa á eftirlaunaldri verður 3-4% á næstu áratugum. Í dag eru sex vinnandi fyrir hvern eftirlaunaþega en á næstu 15 árum fækkar þeim í fjóra. Ísland er í sérflokk með Hollandi og Sviss hvað þetta varðar en flest ríki munu þurfa að hækka skatta og notendagjöld og skerða þjónustu við aldraða til að mæta miklum þrýstingi á útgjöld hins opinbera vegna fjölgunar aldraðra.

## 4.3 SAMEIGINLEG YFIRLÝSING SA OG ASÍ UM LÍFEYRISMÁL


Með kjarasamningi SA og ASÍ þann 5. maí 2011 fylgdi yfirlýsing um lífeyrismál. Í henni sagði að áfram yrði unnið að samræmingu lífeyrisréttinda á vinnumarkaði og stuðlað að sátt um meginþætti lífeyrismála. Meginmarkmiðið sé að allir lífeyrissjóðir á vinnumarkaðnum starfi á sjálfbærum grunni og að lífeyrisréttindi þróist í samræmi við þarfir fyrir ásættanlegan lífeyri. Á vettvangi samningsaðila verði unnið á þeim forsendum að hækka þurfi iðgjöld til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði úr 12% í 15,5% á árunum 2014 – 2020.

Í samkomulagi SA og ASÍ um endurskoðun og framlengingu kjarasamninga 21. janúar 2013 var fjallað um efni yfirlýsingarinnar. Þar sagði að samtökin væru „sammála um að vinna áfram að jöfnun lífeyrisréttinda á grundvelli þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í sameiginlegri nefnd alls vinnumarkaðarins. Sú vinna hefur dregist m.a. vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag milli ríkisins og opinberra starfsmanna um fortíðarvanda opinbera lífeyriskerfisins og því ekki forsendur til þess að ljúka viðræðum milli aðila á grundvelli yfirlýsingar þeirra frá 5. maí 2011. Aðilar eru sammála um að innihald yfirlýsingarinnar haldi gildi sínu.“

## 4.4 NEFND UM ENDURSKOÐUN LÍFEYRISMÁLA


Frá ársbyrjun 2010 hefur starfað nefnd aðila almenna og opinbera vinnumarkaðarins og stjórnvalda með það verkefni að fara yfir kosti og galla núverandi fyrirkomulags og safna saman hugmyndum og koma með tillögur um framtíðarskipan líf-

Eignir lífeyrissjóða – Hrein eign til greiðslu lífeyris



Heimild: Seðlabanki Íslands

### Heildareignir lífeyrissjóða í hlutfalli af landsframleiðslu í OECD-rikkjunum árið 2011



Heimild: OECD

eyrismála. Nefndin hefur haldið 34 fundi, þar af 14 á árinu 2012. Skýrsla um niðurstöður nefndarinnar er komin vel á veg en í stórum dráttum eru aðilar sammála um það markmið að skapa sjálfbært kerfi til framtíðar og samræma og jafna réttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði en ágreiningur er um leiðir að því marki og lausn á fortíðarvanda opinberu sjóðanna.

#### 4.5 NEFND UM ENDURSKOÐUN LAGA UM FJÁRFESTINGARHEIMILDIR LÍFEYRISSJÓÐA

Í janúar 2013 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og er henni falið að líta til athugasemda sem fram komu í „Úttektarskýrslunni“ á starfsemi lífeyrissjóðanna frá 2012 og greina fjárfestingarkosti

lífeyrissjóðanna til lengri og skemmri tíma m.a. með hliðsjón af áætlunum um afnám gjaldþyrifshafa. Þá er henni ætlað að skoða hvort rétt sé að gera breytingar á fjárfestingarheimildum sjóðanna. Nefndinni er falið að skila tillögum um lagabreytingar fyrir 1. júní 2013. Nefndina skipa fulltrúar þriggja ráðuneyta, Seðlabanka, FME og LL.

#### 4.6 STARFSHÓPUR UM ENDURSKOÐUN LAGA UM ALMANNATRYGGINGAR

Starfshópur um endurskoðun almannatryggingalaga var skipaður 4. apríl 2011 og er hann enn að störfum. Starfshópurinn er skipaður 8 fulltrúum stjórnmalaflokkanna, 5 frá aðilum vinnumarkaðarins og 4 frá öðrum félagsamtökum. Í erindisbréfi starfshópsins var honum falið að gera tillögur um einfaldari, réttlátari og skýrari löggjöf þar sem komið yrði í veg fyrir víxlverkanir. Verkefni hópsins varða elli- og örorkulífeyri og stuðning við barnafjölskyldur.

Í greinargerð með tillögu starfshópsins um ellilífeyri sagði m.a. „Bótaflokkurinn framfærsluþpþót, að hámarki 36.323 kr. á mánuði fyrir einstakling sem býr einn, skerðist krónu fyrir krónu gagnvart öllum tekjum. Svo hátt skerðingarhlutfall hefur í för með sér óæskileg áhrif, sérstaklega gagnvart greiðslum úr lífeyrissjóðum og veldur því að lífeyrisþegar sjá lítinn sem engan ávinning af þeim réttindum sem þeir hafa áunnið sér með áratuga greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóði. Bótaflokkurinn, að viðbættum tekjuskerðingum annarra bótaflokka, vegur þannig að stoðum lífeyrissjóðakerfisins. Eins og nú háttar til hefur einhleypur ellilífeyrisþegi engan ávinning af greiðslu 73.000 kr. á mánuði úr lífeyrissjóði og fái hann 100.000 kr. greiðslu heldur hann einungis 11.000 kr. eftir. Af þessum ástæðum telur starfs-





hópurinn brýnt að framfærsluuppþótin sameinist nýjum bótaflokki ellilífeyris, en vegna mikils kostnaðar fyrir ríkissjóð verði það gert í áföngum.“

Starfshópurinn samþykkti samhljóða, þann 22. 6. 2012, tillögur um breytingar á ellilífeyri sem fela í sér mikla einföldun og minni víxlverkun, en á eftir að ljúka umfjöllun um örorkulífeyri og stuðning við barnafjölskyldur. Tillögur hópsins, sem skilað var til velferðarráðuneytisins í septemberbyrjun 2012, um breytingar á ellilífeyri eru eftirfarandi:

- „Í fyrsta áfanga verði bótaflokkarnir ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót sameinaðir í einn; ellilífeyrir. Fjárhæð ellilífeyris verði 155.000 kr. á mánuði miðað við gildandi bótafjárhæðir og 45% tekna lífeyrisþega hafi áhrif á fjárhæð hans.
- Nú eru ellilífeyrisþegum sem búa einir tryggðar að lágmarki 203.000 kr. á mánuði og þeim sem búa með öðrum 175.000 kr. á mánuði með framfærsluuppþóttinni. Í fyrsta áfanga mun skerðing framfærsluuppþótar vegna tekna lækka úr 100% í 80%. Skerðingarlutfallið verði síðan lækkað í áföngum uns 45% markinu verði náð og þá standi einn bótaflokkur eftir; ellilífeyrir.
- Samkvæmt framansögðu munu fyrstu breytingarnar taki gildi 1. janúar 2013. Starfshópurinn gerir þá tillögu að skerðing vegna tekna við útreikning framfærsluuppþótar lækki í 70% 1. janúar 2014, í 60% 1. janúar 2015, í 50% 1. janúar 2016 og sameinist ellilífeyri 1. janúar 2017.
- Með þessari sameiningu munu allar tegundir tekna hafa sömu áhrif á útreikning ellilífeyris almannatrygginga og engin frítekjumörk verða í gildi. Sú regla verði þó óbreytt á aðlögunartímanum (til 2017 skv. tillögunni) að séreignarsparnaður hafi ekki

áhrif á útreikning ellilífeyris en stefnt er að því að viðbótarlífeyrissparnaður verði gerður jafnsettur öðrum sparnaði þannig að stofn til skerðingar bóta verði aðeins fjármagnstekjur hvers árs af sparnaðinum, ekki úttekt hans. Samhliða þessu er brýnt að samræma skilgreiningu þeirra fjármagnstekna sem áhrif hafa á útreikning ellilífeyris á þann hátt að einungis fjármagnstekjur hvers árs hafi áhrif en ekki úttekt sparnaðar.

- Vegna ófyrirséðra áhrifa þessara breytinga á hag einstakra ellilífeyrisþega leggur starfshópurinn til að á tímabilinu 1. janúar 2013 – 31. desember 2015 verði gerður samanburður á útreikningi ellilífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar fyrir gildistöku nýrra laga og hins sameinaða ellilífeyris eftir gildistöku laganna. Ef samanburður leiðir til hærri bóta einstaklings samkvæmt eldri lögum greiðast hærri bæturnar á tímabilinu.“

Í fylgiriti með fjárlagafrumvarpi 2013, „Stefna og horfur“, sagði eftirfarandi: „Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sett fram það markmið að almannatryggingakerfið verði einfaldað með fækkun bótaflokka, einfaldari reglum um útreikning bóta og auknu jafnræði og aðgengi. Til stendur að leggja fram frumvarp til laga um lífeyristryggingar á yfirstandandi þingi í samræmi við stefnumiðin.“

Ekki varð af því að frumvarp á grundvelli tillagna starfshópsins væri lagt fram haustið 2012 og í fjárlögum 2013 var ekki gert ráð fyrir að tillögurnar næðu fram að ganga. Það verkefni biður því nýrrar ríkisstjórnar að einfalda almannatryggingakerfið og draga úr víxlverkun.

Listi fulltrúa SA í stjórnun lífeyrissjóða er á bls. 40 í 11. kafla ársskýrslunnar.





# MENNTAMÁL

Stefna SA í menntamálum verður til í samræðu við forsvarsmenn fyrirtækja, viðsemjendur, fræðslu-aðila, stjórnvöld og stjórnarandstöðu. Stefnunni er unnið fylgi með þátttöku í margs konar samstarfi og umræðu.

## MENNTUN TIL STARFA – NEMENDUR PURFA INNSÝN

Börn og unglingar fá innsýn og þekkingu til starfa í sínu næsta umhverfi. Einkum á höfuðborgarsvæðinu skortir tengsl atvinnufyrirtækja og skóla. Gefa þarf ungmennum innsýn í störf bæði þau sem eru nær og fjær. Framhaldsskólanemum þarf að verða samt að hugsa samhliða um hvað þeir ætli að starfa og læra. Atvinnulífið á erindi við skólakerfið og þarf á öflugan og skipulagðan hátt að veita grunn- og framhaldsskólanemum innsýn í margvísleg störf.

## MEIRI SKILVIRKNI – STYTTRI NÁMSTÍMI

Þeir sem ljúka framhaldsskóla með stúdentsprófi eða starfsréttindaprófi hafa að jafnaði verið fjórtán ár í skóla. Þetta er lengri námstími en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. SA hvetja til aukinnar skilvirkni í skólastarfi og taka undir áherslu í skýrslu sem unnin var á vegum forsætisráðuneytisins *Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi* sem kom út í nóvember 2012. SA telja að stytta ætti námstíma til lokaprófs. Þetta má gera m.a. með því að endurskoða námsbrautir, fjölga styttri brautum og fjölga mögulegum útgönguleiðum.

## ÁTAK Í VERK-, IÐN-, RAUNVÍSINDA- OG TÆKNIMENNTUN

Brýn þörf er á að efla starfs- og tæknimenntun. Í menntakönnun SA 2013 koma fram vísbendingar um að það vanti fólk með millimenntun og þá sérstaklega starfsmenntun. Aðgerðaráætlun um aukið vægi verk- og tæknináms á öllum skólastigum með tímasettum mælikvörðum og hvatningarátaki er að finna í tillögum um að *allir stundi nám og vinnu við hæfi*. SA tóku virkan þátt í að móta áherslurnar og munu fylgja þeim eftir í samstarfi við þá sem að skýrslunni komu. Samtök iðnaðarins hafa þegar haft forgöngu um samstarf til að efla grunnmenntun í raunvísindum og tækni. Að því verkefni standa auk samtakanna mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Starfsgreinaráðin, sem eru ráðgefandi um starfsnám á framhaldsskólastigi og hafa lagt vinnu í að þróa nám og raða námi á þrep, eru meðal þeirra fjölmörgu sem þurfa að vera með í ráðum. Þá standa vonir til að nýstofnaður Vinnustaðanáms- sjóður verði til að auka veg starfsnáms. Þróunarsjóður starfsmenntunar, sem komið var á til þriggja

ára í tengslum við síðustu kjarasamninga, ætti einnig að nýtast til að þróa námsbrautir sem falla að þessu verkefni.

## AUKIÐ FRUMKVÆÐI OG NÝSKÖPUN

Hraði tækniframfara einkum í stafrænni tækni er svimandi fyrir þá sem hafa meira en fárra ára sýn til fortíðar. Ungmenni virðast sérstaklega móttækileg fyrir tækniþekkingu og möguleikum sem í henni felast. Brýnt er að íslenskt skólakerfi nýti nýjustu tækni. Sýna þarf ungmennum möguleika sem í tækninni felast. Skipuleg endurmenntun kennara skiptir öllu um hvernig tekst til. Ætla má að frumkvæði og nýsköpun verði ekki síst á sviði margs konar stafrænnar tækni. Þá þurfa nægilega margir að hafa tileinkað sér þekkingu og reynslu til að þróa hugmyndir í nýjar og ófyrirséðar áttir. Aukin áhersla á verklegar greinar eflir líka frumkvæði, því fleiri sem þekkingu hafa þarf til að verk komist í framkvæmd því fleiri nýjar lausnir koma fram.

## DRAGA ÚR BROTTVARFI ÚR FRAMHALDSSKÓLA

Skólakerfinu hefur ekki tekist á undanförunum árum að leiða þorra ungmenna sem innritast í framhaldsskóla til lokaprófs. Skýringarnar eru vafalaust margar; námsleiði, of langt nám án útgönguleiða, námsframboð sem ekki er í takt við tímann, of margir sogast úr skólunum í störf sem ekki krefjast formlega frekari menntunar, ónóg þekking á verk og iðngreinum, einsleitir fyrirmyndir og sýn foreldra á ýmis störf.

Fyrirtækin þurfa að fá fólk í fjölbreytt störf og fólk þarf að eiga auðvelt með að breyta um starf eða starfsvettvang. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ákveðið að efna til viðamikils kynningarátaks fyrir starfsmenntun á árinu 2013. Brotthvarf minnkar varla nema foreldrar, skólastjórnendur, kennarar, aðilar vinnumarkaðarins og menntamálayfirvöld leggist á eitt og fræði nemendur um störf sem hugur þeirra stendur til.

Sérstakur þáttur menntastarfs SA snýr að atvinnuleitendum. Um og yfir helmingur atvinnuleitenda á hverjum tíma hefur ekki lokið öðru en grunnskólanámi. Í verkefninu *Nám er vinnandi vegur* sem hófst 2011 var eitt þúsund atvinnuleitendum gert kleift að hefja nám með stuðningi. Af þessum þúsund eru 82 enn á námsstyrk og 160 eru aftur komnir á atvinnuleysisráð. Þrjú af hverjum fjórum sem fengu þetta tækifæri hafa annað hvort haldið áfram námi á námslánum eða fundið sér starf. Í *Vinnandi vegi* sem hófst snemma árs 2012 fundust 1400 störf. Stuðningi Atvinnuleysisstryggingasjóðs vegna þeirra starfa lýkur í síðasta lagi í





vor og þá kemur í ljós hvernig tókst til. Nú þegar er vitað að 200-250 manns eru komnir aftur á bætur og hættu flestir strax í vinnunni. SA hefur tekið þátt í undirbúningi og framkvæmd þessara verkefna undir formerkjum samstarfs um menntamál og í stjórn Vinnuálagstofnunar og Atvinnuleysistryggingasjóðs.

### LÆRT Í VINNUNNI

Fyrirtæki eru öflugir námsstaðir. Menntaumuræðan er hins vegar svo skólamiðuð að þessi þáttur menntunar er lítt ræddur, þó hann sé stór og fari vaxandi. Fyrirtækin í landinu standa í flestum tilfellum myndarlega að menntun innan sinna vébanda. Þau greiða einnig í starfsmenntasjóði ákveðið hlutfall af tryggingagjaldi. Greiðslurnar nema hundruðum milljóna króna á ári. Fénu er veitt til einstaklinga og fyrirtækja, til að standa straum að hluta af útgjöldum vegna menntunar. Meira hefur farið úr sjóðunum en kemur í þá undanfarin tvö ár enda sjálfsgagt að nýta þá til að bæta þekkingu og starfsþæfni þegar lægð er í efnahagslífinu.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóður vinna með símenntunarmiðstöðvum um allt land og öðrum fræðslustofnunum atvinnulífsins að framhaldsfræðslu. Þar miðar raunfærnimat að því að menn njóti þekkingar sinnar í skólaeiningum hvort sem færninnar er aflað í skóla eða starfi. FA hefur fengið myndarlegan styrk frá ESB m.a. til að færa raunfærnimat út til fleiri greina en nú er. Annar þáttur í starfi FA er að meta nám til eininga og hjá símenntunarmiðstöðvunum að þróa og kenna þær. Sem dæmi um námskrár er t.d. nám fyrir öryggisverði, jarðlagnatækna, félagsliðanáms, ferðabjónustunám, matvæla- og fiskvinnslunám.

Þeir sem komnir eru út á vinnuálaginn og hafa ekki lokið námi í framhaldsskóla eiga oft erfitt með að bæta starfsþæfni sína og starfsmöguleika með því að fara aftur í nám. Það er mikilvægt að þessu fólki sé liðsinnt við að greina hvaða möguleikar standa til boða. Ávinningur allra er ánægð starfsfólk hæft til að takast á við nýjar áskoranir og fjölbreytt störf. Tveir af meginþáttum starfsemi

Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, raunfærnimatið og náms- og starfsráðgjöfin voru þróaðir í þessu skyni. Í ljósi menntamarkmiða 2020 áætlunarinnar hyggjast stjórnvöld ráðast í tilraunaverkefni og hafa óskað liðsinnis aðila vinnuálagarinnar. Kanna á meðal annars eftirspurn eftir mati og leiðsögn og þróa samstarf framhaldsfræðslu, framhaldsskóla og háskóla og skilgreina hvað þarf að vera fyrir hendi til að þeir sem það kjósa, geti lokið námi. Samtök atvinnulífsins taka þátt í verkefnum og hvetja til vandaðs undirbúnings þannig að markhópurinn sem ekki hefur góða reynslu úr kerfinu fái fullnægjandi upplýsingar og leiðsögn.

### GREININGAR

SA hafa beitt sér fyrir því að skipulegar spár um mannafla- og menntunarpörf verði gerðar fyrir vinnuálaginn og að þær séu sambærilegar við það sem gert er annars staðar. Nokkrir áfangar náðust á þessari braut á nýliðnu ári. Ákveðið var að fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins, ASÍ og SA í sameiningu ynnu að því að Ísland yrði með í greiningum sem CEDEFOP starfsmenntastofnun Evrópu vinnur og koma öflun og miðlun gagna úr margvíslegum áttum í fastan farveg. SA gerir eigin kannanir sem notaðar eru til greininga á þörf fyrirtækja fyrir menntun.

### ÖFLUGIR HÁSKÓLAR – MARKVISS NÝTING RANNSÓKNAFJÁR

Íslendingum sem ljúka námi í háskóla hefur fjölgað mjög á undanförunum árum. Öflugir skólar sem keppast um nemendur hafa skilað miklum ávinningi fyrir samfélagið. Vísbendingar eru um að ákveðin metnun sé að vera í sumum greinum háskólanáms líkt og raunin er í ESB. SA koma að stjórnun Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík og háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands. Samtökin vilja með þessu hafa áhrif til að efla háskólamenntun í landinu á sviðum sem tengjast atvinnulífinu beint. Aukin samkeppnishæfni hér á landi byggir m.a. á meiri stuðningi við rannsóknir og nýsköpun í atvinnulífinu sem skapar verðmæti.



## UMHVERFISMÁL OG VINNUMHVERFI

Miklar náttúruauðlindir á Íslandi og ábyrg nýting þeirra hafa skapað velferðarsamfélag þar sem ævilengd og heilbrigði eru með því besta sem gerist. Fyrirtæki sem nýta auðlindirnar huga að nýtingu þeirra til langs tíma þar sem þær skila landi og þjóð arði kynslóð fram af kynslóð. Þessi hugsun er ríkjandi í atvinnulífinu þar sem rekstur fyrirtækjanna miðar að bættri nýtingu aðfanga og stuðlar að sjálfbærri þróun. Sífellt fleiri fyrirtæki sækja viðurkenningu á umhverfisstarfi sínu og fá það formlega vottað. Þessi þróun kemur glögglega fram í viðtölum við fjölmarga forsvarsmenn fyrirtækja í nýlegu tímariti SA Fleiri störf – Betri störf.



### 6.1 UMHVERFISMÁL

#### Viðskiptakerfi um losunarheimildir (ETS)

Á árinu 2012 voru flugsamgöngur felldar undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Það átti að gilda bæði um allt flug á Evrópska efnahagssvæðinu og til og frá flugvöllum utan svæðisins. Úthlutað var losunarheimildum til flugfélaga miðað við sögulega losun þeirra og miðað við tiltekið árangursmark. Þegar langt var liðið á árið dró ESB skyndilega í land og „stöðvaði klukkuna“ eins og þeir einir geta sagt sem öðlast hafa mikið vald. Með því var slegið á frest um eitt ár til að byrja með að fella undir viðskiptakerfið flug til og frá flugvöllum utan EES – svæðisins. Ástæða þessa var sú að fjölmörg aðildarríki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar höfðu mótmælt löggjöf ESB m.a. vegna þess að löggjöfin fæli í sér ólögmæta skattheimtu samkvæmt alþjóðalögum. Báðar deildir Bandaríkjaþings höfðu samþykkt lög sem heimiluðu ríkis-

stjórninni að banna þarlendur flugfélögum þátttöku í ETS kerfinu.

ESB er reyndar ekki eitt um það að hafa verið rekið til baka með ólögmæta skattheimtu. Á Íslandi giltu fram til síðustu áramóta lög sem kröfðu olíufélögin um að innheimta sérstakt kolefnisgjald af þotueldsneyti. Þar sem skattheimta sem þessi er bönnuð samkvæmt alþjóðalögum þurfti ríkissjóður að endurgreiða það sem í kassann kom af skattinum.

Þrátt fyrir það sem að ofan er sagt gildir enn að allt flug innan EES fellur undir viðskiptakerfið og kostnaður flugfélaga og þá farþega og farmflytjenda vegna þess er verulegur.

Frá og með árinu 2013 fellur starfsemi orkufraks iðnaðar hér á landi undir viðskiptakerfið. Fyrirtækin fá úthlutað stærstan hluta losunarheimilda sinna án endurgjalds. Það er vegna þess að fyrirtækin eru í fremstu röð á sínu sviði en úthlutun er miðuð við árangur þeirra sem bestum árangri ná. Dugi úthlutaðar heimildir ekki til þurfa fyrirtækin að kaupa sér heimildir á markaði. Um viðskipti með losunarheimildir gilda almennar reglur um fjármála-gerninga. Fyrirtækin þurfa að skila inn skýrslum um raunverulega losun gróðurhúsalofttegunda og þær þurfa að vera vottaðar af óháðum aðila.

Reglurnar um ETS-kerfið eru samevrópskar og ný starfsemi fær úthlutað losunarheimildum úr sameiginlegum heildarpotti. Þannig er búið að skilja í tvennt alla losun gróðurhúsalofttegunda í Evrópu. Annars vegar er losun sem fellur undir ETS – kerfið og er ekki stýrt af einstökum ríkjum. Hins vegar er öll önnur losun þar sem ríki setja sér markmið um





Þann árangur sem stefnt er að á ákveðnum tíma. Undir það fellur m.a. losun vegna samgangna og almennrar efnahagsstarfsemi í hverju landi.

### Önnur umhverfismál

Alþingi hefur sett lög um umhverfisábyrgð (nr. 50/2012) þar sem fyrirtæki eru gerð ábyrgð vegna tjóns sem verða kann á umhverfinu vegna starfsemi þeirra.

Til umfjöllunar í þinginu er lagafrumvarp um náttúruvernd þar sem eldri lög eru felld brott. Gert er ráð fyrir því að umhverfis- og auðlindaráðuneytið ásamt stofnunum þess annist alla umfjöllun um friðlýsingar í stað þess að Alþingi samþykki náttúruverndaráætlun eins og nú er. Einungis yrði veittur umsagnarréttur um friðlýsingaráform. Samtök atvinnulífsins hafa í umsögn um frumvarpið lagt til að svipaðar reglur gildi um náttúruverndaráætlun og gilda um svokallaða rammaáætlun. Þannig yrðu skipaðir faghópar þar sem aðild ættu fulltrúar margs konar hagsmunahópa og tillaga hópanna færi til Alþingis til umfjöllunar og síðan samþykktar. SA telja að með þessu gæti skapast enn betri grunnur að sátt um náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda og að rammaáætlun hafi verið fyrsta skrefið. Nú sé brýnt að taka næsta skref.

### 6.2 VINNUMHVERFI

Engar breytingar urðu á skipulagi og stjórnsýslu vinnuverndarmála á starfsárinu. Sett var árinu ný reglugerð nr. 730/2012 um viðurkenningu þjónustuaðila og sérfræðinga sem veita atvinnurekendum þjónustu við gerð við áætlana um öryggi



og heilbrigði á vinnustöðum. Undirnefnd á vegum Stjórnar Vinnueftirlits ríkisins vann áfram að endurskoðun reglugerðar um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi við mannvirkjagerð. Velferðarráðuneytið skipaði árið 2011 nefnd til að endurskoða ákvæði laga og reglugerðar um einelti og ofbeldi á vinnustöðum og er tillagna hennar að vænta síðar á þessu ári.

Stefnumörkun Vinnueftirlitsins fyrir tímabilið 2009 – 2012 var framlengd út árið 2013. Vinnueftirlitið hefur sætt almennum niðurskurði á fjárveitingu eins og aðrar opinberar stofnanir og hefur orðið að draga úr almennu eftirliti og annarri starfsemi sem ekki er fjármögnuð með gjaldskrártækjum. Stofnunin leggur við eftirlitsstörf áherslu á ábyrgð stjórnenda í fyrirtækja og áhættumati. Ýmis verkfæri hafa verið þróuð til að aðstoða fyrirtækin við þetta starf og er sérstaklega bent á fjölda svonefndra vinnu-umhverfisvísa sem finna má á vef stofnunarinnar. Vinnueftirlitið á áheyrnaraðild að stjórn vinnuverndarstofnunar ESB í Bilbao á Spáni sem stendur m.a. fyrir evrópskri vinnuverndarviku á hverju ári.



# SAMFÉLAGSÁBYRGÐ OG JAFNRÉTTISMÁL

## 7.1 SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Samtök atvinnulífsins eru tengiliður á Íslandi við Global Compact – Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Sameinuðu þjóðirnar hleyptu verkefninu af stokkunum í júlí árið 2000 en um er að ræða 10 viðmið sem fyrirtæki setja sér að fara eftir. Fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu geta notað Global Compact til að gera viðskiptavinum sínum, birgjum og opinberum aðilum grein fyrir samfélagsstefnu sinni. Aukin krafa er um að fyrirtæki geri opinberlega grein fyrir hvernig þessum málum er háttað innan fyrirtækjanna.

Mörg af öflugustu fyrirtækjum Norðurlanda hafa skrifað undir sáttmálann en mörg lítil og meðalstór fyrirtæki hafa einnig tileinkað sér gildi hans. Viðmið sáttmálans má sjá hér til hliðar en 10 aðilar hafa skrifað undir Global Compact á Íslandi. Festa, Össur, Prentsmiðjan Oddi og ÁTVR bættust í hópin á árinu og fleiri eru að hugsa sér til hreyfings. Fyrir fáeinum misserum höfðu aðeins tvö fyrirtæki á Íslandi skrifað undir Global Compact og áhuginn á sáttmálanum því farið vaxandi.

Nánari upplýsingar um Global Compact má nálgast á skrifstofu SA og á vef norræns tengslanets Global Compact, [www.gcnordic.net](http://www.gcnordic.net).

### Global Compact gagnast ábyrgum fyrirtækjum vel

Samtök atvinnulífsins efndu í nóvember 2012 til fundar um Global Compact og samfélagsábyrgð fyrirtækja í samstarfi við Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð. Á fundinum lýstu stjórnendur frá Össuri, Odda og ÁTVR reynslu sinni af því að skrifa undir sáttmálann en í máli þeirra kom fram að Global Compact væri hentugt verkfæri fyrir fyrirtæki til að vinna með samfélagsábyrgð.

Mikill áhugi var á fundinum sem var vel sóttur. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA setti fundinn en Sigurborg Arnarsdóttir, fjárfestatengill hjá Össuri, Stefán Hjaltalín, sölustjóri hjá Prentsmiðjunni Odda og Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR sögðu frá því hvers vegna fyrirtæki þeirra skrifuðu undir Global Compact og ræddu hvaða ávinning þau hefðu af því.

Í máli þeirra kom fram að sáttmáli S.Þ. um samfélagsábyrgð henti alls konar fyrirtækjum þar sem sáttmálinn sé sveigjanlegur og fyrirtæki geti byggt upp samfélagsstefnu sína og starf á þeim hraða sem henti hverjum og einum. Global Compact sé gott fyrsta skref fyrirtækja sem vilji móta sér öfluga stefnu á sviði samfélagsábyrgðar eða gera starf sem nú þegar er unnið innan veggja fyrirtækjanna sýnilegra.

Vilhjálmur Egilsson sagði ábyrg fyrirtæki alltaf



hafa verið til en aukin eftirspurn sé eftir því að fyrirtæki geti sýnt fram á með formlegum hætti hvernig þau sinni samfélagsstarfi sínu og hvaða stefnu þau hafi. Vilhjálmur sagði ánægjulegt að það væri vaxandi áhugi á umræðu um samfélagsábyrgð í atvinnulífinu en umræða um samfélagsábyrgð eigi erindi við stjórnendur allra fyrirtækja. Vilhjálmur vakti m.a. athygli á því að á vettvangi ESB hefuri verið til umfjöllunar undanfarin löggjöf um að upplýsingaskylda fyrirtækja um önnur mál en fjárhagsleg verði aukin.

### Norræn ráðstefna í Reykjavík í maí

Á Norðurlöndunum er starfrækt tengslanet fyrirtækja sem hafa skrifað undir Global Compact. Það efnir til ráðstefna tvisvar á ári um samfélagsábyrgð fyrirtækja þar sem stjórnendur þeirra ræða straua og stefnur í málaflokknum og ýmis álitamál sem geta komið upp í rekstri fyrirtækja. Næsta ráðstefna verður haldin í Reykjavík dagana 14.-15. maí og verða Íslendingar og Grænlandingar gestgjafar ráðstefnunnar. Sérstök áhersla verður lögð á tengsl landanna tveggja en þetta er í fyrsta skipti sem tvö lönd deila gestgjafahlutverkinu.

### Norræn fyrirtæki standa sig vel á sviði samfélagsábyrgðar

Norræn fyrirtæki standa sig almennt vel þegar kemur að samfélagsábyrgð. Þetta kom fram á ráðstefnu sem haldin var á vegum *Center for Corporate Diversity* í Osló þann 10. október 2012. Dönsk og sænsk fyrirtæki eru leiðandi á þessu sviði og sem dæmi þá er danska fyrirtækið Novo Nordisk í fyrsta sæti á alþjóðlega Global 100 listanum yfir sjálfbærustu fyrirtækin 2012. Nánari upplýsingar er að finna á vef Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð.

## 7.2 JAFNRÉTTISMÁL

SA hafa á liðnum árum hvatt til þess að fjölbreytni verði aukin í atvinnulífinu, bæði í stjórnnum fyrirtækja og stjórnunarstöðum. Í september 2013 taka gildi ný lög sem kveða á um að hlutfall hvors kyns

verði aldrei lægra en 40% í stjórnnum stærri fyrirtækja og lífeyrissjóða. Lögin ná til einkahlutafélaga og hlutafélaga sem eru með 50 starfsmenn eða fleiri á ársgrundvelli. Samkvæmt upplýsingum frá KPMG sem birtar voru í september ná lögin til 321 fyrirtækis og af þeim eru 152 sem uppfylla skilyrði laganna eða 47%. 169 fyrirtæki eða 53% þurfa að jafna kynjahlutföllin í stjórnnum sínum og hafa til þess einn aðalfund. Samkvæmt úttekt KPMG vantaði þá 202 konur í stjórnir fyrirtækjanna og 2 karlmenn. Heildarhlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja sem falla undir kvótalögin var samkvæmt úttektinni 21%.

Kynjakvótalögin ná einnig til allra lífeyrissjóða. Samtök atvinnulífsins hafa á undanförunum miss-erum unnið markvisst að því að jafna kynjahlutföll fulltrúa SA í sjóðunum. Að loknum aðalfundum sjóðanna vorið 2012 skipuðu konur 46% sæta SA. Aðeins vantar eina konu í viðbót til að alveg jafnt kynjahlutfall náist meðal 24 fulltrúa Samtaka atvinnulífsins í stjórnnum sjóðanna. Það mun væntanlega nást á árinu þegar 10 sæti koma til tilnefningar og lokaskrefið verður stigið til að jafna hlut kynjanna. Þá verða konur væntanlega 12 af 24 stjórnarmönnum SA.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lýst yfir áhuga á að taka upp kynjakvóta á stjórnir fyrirtækja fyrir árið 2020 en þar eru mörkin sem um er rætt mun rýmri – eða fyrirtæki með 250 starfsmenn og árs-tekjur 50 milljónir evra. Lögin á Íslandi ganga því mun lengra.

### Staðall um launajafnrétti

Nýr staðall um jafnlaunakerfi var kynntur á opnum morgunverðarfundum á Grand Hótel Reykja-

vík 19. júní. Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og velferðarráðuneytið hafa frá því í árslok 2008 unnið að gerð staðalsins. Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA, sagði íslenska jafnlaunastaðalinn sannarlega vera brautryðjendastarf í jafnréttismálum sem eigi sér ekki fordæmi, en við samningu hans var fyrirmynd sótt í alþjóðlega ISO staðla um gæða- og umhverfisstjórnun. Með notkun staðalsins er fyrirtækjum auðveldað að koma á og viðhalda launajafnrétti kynja og geta þau fengið vottun þar um, ef þau svo kjósa.

Eins og aðrir staðlar verður hann valkvæður, þ.e. fyrirtækjum verður í sjálfvald sett hvort þau innleiða hann. Með notkun staðalsins er fyrirtækjum auðveldað að koma á og viðhalda launajafnrétti kynja og geta þau fengið vottun þar um. Ávinningur fyrirtækis af notkun jafnlaunastaðalsins getur m.a. falist í bættri ímynd á grundvelli fagleggrar mannauðsstjórnunar og áherslna á samfélagsábyrgð og góða stjórnarhætti.

### Atvinnulífið leggur sitt af mörkum til að auka launajafnrétti

Samtök atvinnulífsins skrifuðu sl. haust undir samkomulag við heildarsamtök á vinnumarkaði, Samband Íslenskra sveitarfélaga, velferðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið um samstarf til að auka launajafnrétti á Íslandi. Launakannanir á opinberum og almennum vinnumarkaði hafa sýnt ákveðinn launamun á milli kynja sem erfitt hefur reynst að skýra út. Nýleg könnun meðal opinberra starfsmanna sýndi að óútskýrður launamunur milli kynjanna hefur aukist og nemur nú 13% og allt upp í 19%. Launakönnun VR sýndi hins vegar 9,4% óútskýrðan





launamun og hefur hann dregist mikið saman, eða um 32% síðasta áratug.

### Mest jafnrétti á Íslandi

Þær ánægjulegu fréttir bárust í október 2012 að Ísland væri í efsta sæti, fjórða árið í röð, í árlegri úttekt Alþjóða efnahagsráðsins, WEF, á stöðu jafnræðis karla og kvenna í heiminum. Norðurlöndin raða sér í efstu sætin líkt og áður. Finnland er í öðru sæti, Noregur í því þriðja og svo fylgja Svíþjóð, Írland, Nýja Sjáland og Danmörk. Tsjad, Pakistan og Jemen eru í þremur neðstu sætunum. Úttektin tekur til 135 ríkja eða þorra jarðarbúa og kynjamunurinn kannaður á fjórum sviðum, það er á sviði fjármála, svo sem launamunar og þátttöku á vinnumarkaði; á sviði menntamála; á sviði stjórnmálaþátttöku og á sviði heilbrigðismála.



### 7.3 ÁTAK GEGN SVARTRI VINNU

Könnun Samtaka atvinnulífsins meðal aðildarfyrirtækja SA sem birt var í október 2012 leiddi í ljós að 82% stjórnenda þeirra telja að svört vinna sé vaxandi vandamál á Íslandi, aðeins 18% telja svo ekki vera. Þetta er mikið áhyggjuefni en SA hafa á undanförunum misserum lagt mikið af mörkum í baráttu gegn svartri atvinnustarfsemi, m.a. í samstarfi við embætti Ríkisskattstjóra og Alþýðusamband Íslands.

Fyrirtæki sem borga sína skatta og gjöld standa höllum fæti í samkeppni við fyrirtæki í neðanjarðarhagkerfinu. Það er því mikið hagsmunamál fyrir atvinnulífið að allir fari eftir sömu reglum. Það er ólíðandi að hópur fyrirtækja og einyrkja sniðgangi skattareglur og leggi lítið sem ekkert af mörkum til samfélagsins.

Samstarf atvinnulífsins, skattayfirvalda og verkalyðshreyfingarinnar gegn svartri vinnu á Íslandi hefur vakið athygli á erlendum vettvangi en samstarf sem þetta er nýmæli. Starfsmenn á vegum þessara aðila hafa farið í vinnustaðheimsóknir til að kanna stöðu mála. SA hafa lagt sitt af mörkum í baráttunni gegn svartri vinnu, m.a. með ráðningu tveggja starfsmanna til að sinna eftirliti með vinnustaðaskírteinum.

### Jafnréttisráð

Samtök atvinnulífsins eiga fulltrúa í Jafnréttisráði sem velferðarráðherra skipar en eitt af verkefnum þess er að vinna að jöfnum rétti karla og kvenna á vinnumarkaði og gefa ráð um það efni.

## GLOBAL COMPACT VIÐMIÐ



### MANNRÉTTINDI

#### Viðmið 1

Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda.

#### Viðmið 2

Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.

### VINNUMARKAÐUR

#### Viðmið 3

Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.

#### Viðmið 4

Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælkunarvinnu.

#### Viðmið 5

Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.

#### Viðmið 6

Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.

### UMHVERFI

#### Viðmið 7

Fyrirtæki styðja beitingu varúðarreglu í umhverfismálum.

#### Viðmið 8

Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.

#### Viðmið 9

Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfisvænni tækni.

### GEGN SPILLINGU

#### Viðmið 10

Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.

# ERLEND SAMSKIPTI

## 8.1 AÐILDARVIÐRÆÐUR ÍSLANDS OG ESB

Að sögn stjórnvalda er Ísland vel búið undir aðild að ESB og aðildarviðræðurnar ganga vel. Vissulega hefur ESB ætíð leitast við að finna lausnir sem báðir aðilar geti vel við unað. ESB hefur líkast til aldrei gengið þvert á hagsmuni þess ríkis sem sambandið hefur átt í aðildarviðræðum við og hefur heldur gripið til aðlögunar og sérlausna. En þess er að geta að Evrópudómstóllinn hefur hafnað slíkum undanþágum og sérlausnum. Dómstóllinn tekur m.a. fyrir kærumál vegna meintra brota á ESB sáttmálum og kærur til ógildinga. Einstök ríki gætu þannig höfðað mál til ógildinga undanþága og sérlausna á sviði fiskveiða og landbúnaðar sem Íslandi hefðu hlotnast.

Þau atriði sem ætla má að verði erfið í aðildarviðræðunum eru sjávarútvegsfél og landbúnaðarmál, umhverfismál, matvælamál og gjaldveyrishöftin.

SA hafa fylgst með og aflað upplýsinga um framvindu aðildarviðræðnanna enda mikilvægt að sífellt sé í skoðun hvernig hagsmunum atvinnulífsins verði best borgið. Ísland hefur verið virk þátttakandi í evrópsku samstarfi um áratuga skeið. Sú þátttaka hefur einkum byggst á þremur grunnsamningum; EFTA sáttmálanum frá 1970, ESS-samningnum frá 1994 og Schengen-samningnum frá 1996 og 1999.

Samtök atvinnulífsins gæta hagsmuna allra aðildarfélaga sinna á grundvelli þess að skoðanir eru skiptar um hvort sækja átti um aðild eða ekki. Efnislegar aðildarviðræður Íslands og ESB hófust í lok júní 2011. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er þess fullviss að sambandinu muni takast að kynna heildarlausnir í aðildarviðræðunum sem taka tillit til aðildarskilmála atvinnulífsins og sérstöðu Íslands og væntinga.

Afstaða SA er að leggjast gegn því að aðildarumsókn að Evrópusambandinu verði dregin til baka og aðildarviðræðum slitið. Samtökin telja að leiða eigi viðræðurnar til lykta og leggja samninginn fyrir þjóðina til samþykktar eða synjunar.

## 8.2 EFTA OG EES

Ráðherrar EFTA – ríkjanna hafa átt tíða fundi með þingmanna- og ráðgjafanefndum EFTA þar sem fjallað var um starfsemi EFTA, rætt um rekstur EES-samningsins og EES-samstarfið, fjallað um fríverslunarviðræður og fríverslunarsamninga EFTA við önnur ríki. Nýlega náðist samkomulag um aukið frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur á milli EFTA-ríkjanna. Í því felst að EFTA-ríkin munu í meginatriðum veita hvert öðru sama aðgang að mörkuðum sínum fyrir landbúnaðarvörur og ESB. Samkomulagið skapar aukin tækifæri til útflutnings á landbúnaðarafurðum til Noregs og Sviss.



Framkvæmd EES-samningsins gengur vel. Stofnanaminni um EFTA og ESS-samninginn innan Evrópusambandsins er af skornum skammti og þekking á því sem samið var um á sínum tíma fer þverrandi innan stofnana ESB. Samningurinn hefur tryggt Íslendingum greiðari aðgang að mikilvægustu mörkuðum landsmanna. Hann hefur stuðlað að ýmsum jákvæðum breytingum á lagaumhverfi íslensks atvinnulífs og tryggt þátttöku í evrópskum samstarfsverkefnum t.d. á sviði rannsóknar og þróunar og menntamála. Því er mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram fullum metnaði við þátttöku í EES-samningnum.

## 8.3 BUSINESSEUROPE – EVRÓPU-SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samtök atvinnulífsins eiga aðild að Evrópusamtökunum BUSINESSEUROPE sem hafa aðsetur í Brussel og þar starfa um fimmtíu alþjóðlegir sérfræðingar. Aðildarfélög BUSINESSEUROPE eru 41 frá 35 Evrópulöndum en auk þess eiga nokkur samtök á Balkanskaga aukaaðild.

BUSINESSEUROPE gegna mikilvægu hlutverki í mótun og endurskoðun vinnuarkaðslöggjafar Evrópusambandsins en hagsmunagæslan verður sífellt flóknari eftir því sem stofnanakerfi ESB hefur breyst. Meiri áhersla en áður er lögð í málflytning gagnvart Evrópuþinginu. Reyndar eru þinginu stundum mislagðar hendur að mati BUSINESS-EUROPE. Til að mynda felldi það alþjóðasamning um höfunda- og hugverkarétt, ACTA, sem framkvæmdastjórnin hafði undirritað eftir áralangar samningaviðræður við Bandaríkin og fleiri ríki.

BUSINESSEUROPE telur stöðugleika í efnahagsmálum afar mikilvægan og að ráðdeild í ríkisfjármálum sé forsenda hagvaxtar. Atvinnuleysi ungmenna sé mikið vandamál sem krefjist aðgerða. BUSINESSEUROPE styður fram komnar tillögur um sérstakt bankasamband ESB og um samevrópskt slitameðferðakerfi og innstæðutryggingakerfi. Þá telur BE að enn verði að styrkja grundvöll fyrir evruna með meiri samræmingu í ríkisfjármálum og að hugmyndir um bann gegn hallarekstri ríkissjóðs í aðildarríkjum ESB séu af hinu góða.

BUSINESSEUROPE fagnar tillögum um að bæta

verulega starfsumhverfi iðnaðarins í Evrópu og að snúa verði við flóttu orkufrekra fyrirtækja frá Evrópu. Vinda verði ofan af óþarfa regluverki. Setja verði raunhæf markmið í umhverfismálum en ekki ætla evrópskum fyrirtækjum að lúta strangari reglum en í samkeppnislöndum. Þá beri ESB að tryggja nægjanlegt orkuframboð til iðnfyrirtækja og að koma á samevrópskum orkumarkaði. Því er fagnað að framkvæmdastjórn ESB hafi sett markmið um að hlutur iðnaðar í heildarveltu atvinnulífsins aukist úr 16% í 20% árið 2020.

BUSINESSEUROPE hefur margoft bent á að reglugerðir ESB sé of flóknar og þrátt fyrir fögur fyrirheit um að draga úr óþarfa löggjöf virðast sífellt fleiri lagabálkar vera í undirbúningi er snerta evrópskt atvinnulíf. Þá séu mýmörg dæmi þess að reglugerðir ESB leggi fyrirtækjum furdulegar skyldur á herðar svo sem í drögum að reglugerð um útsenda starfsmenn. BUSINESSEUROPE segir að ekki verði betur séð en að verktakafyrirtækjum í byggingariðnaði sé ætlað að sinna einhvers konar opinberu eftirlitshlutverki með launagreiðslum og starfsumhverfi undirverktaka.

BUSINESSEUROPE vill styrkja og dýpka innri markaðinn, en það verði ekki gert með fleiri reglugerðum, það nægi að fara að löggjöf sem þegar hefur verið sett. BUSINESSEUROPE styður þó hugmyndir í lagabálinum Single Market Act II, sem kynntur var á síðasta ári. Þar eru m.a. settar fram tillögur um hvernig stórefla megi rafræn viðskipti og rafræn ríkiskaup.

BUSINESSEUROPE segir nýsköpun og tækni-framfarir ekki skila sér eins áþreifanlega og raunin sé í öðrum hagkerfum til að mynda í Bandaríkjunum og Japan. Leggja verði áherslu á tækni-, stærðfræði- og vísindanám. Umhugsunarvert sé að aðildarríki ESB eyði að meðaltali tífalt meiri fjármunum í vexti af lánum en í nýsköpun og rannsóknir. Tryggja verður höfunda- og hugverkarétt en hluti af lausninni geti orðið nýja evrópska einkaleyfið sem aðildarríki ESB komu á fót að Ítalíu og Spáni undanskildum.

BUSINESSEUROPE telur brýnt að hefja viðræður við Bandaríkin um fríverslunarsamning. Þá er framkvæmdastjórn ESB að kanna hvort rétt sé að ræða við Japan um fríverslunarsamning.

BUSINESSEUROPE gegnir margvíslegu hlutverki á evrópskum vinnumarkaði og leggur ríka áherslu á umbætur í samstarfi við samtök evrópskra verkafélaga ETUC. Að beiðni forseta framkvæmdastjórnar ESB settust aðilar vinnumarkaðarins að samningaborði sl. haust til að leita leiða til að draga úr atvinnuleysi ungmenna. Hafa viðsemjendur skoðað hvort hægt væri að nýta félagslega

sjóði ESB til að fjármagna skammtíma starfsþjálfun. Þá er einnig skoðað hvernig útfæra mætti kerfisbreytingar í menntamálum með hliðsjón af starfsnámskerfum í Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Mörg álitamál eru í samningunum s.s. skilgreining á því hve lengi menn teljast ungmenni, hvernig skilgreina beri starfsþjálfun og starfsnám.

SA hafa tekið virkan þátt í nefndarstarfi og vinnuhópum innan BUSINESSEUROPE og leggja þar sitt af mörkum. Þá sat formaður SA í framkvæmdaráði BUSINESSEUROPE árin 2011 og 2012 sem fulltrúi EFTA-ríkis.

#### 8.4 EVRÓPUSKRIFSTOFA ATVINNULÍFSINS

Evrópuskrifstofa atvinnulífsins hefur verið rekin um árabíl í Brussel. Fastafulltrúi SA hjá BUSINESS-EUROPE miðlar upplýsingum auk þess að sitja reglulega nefndarfundir og ráðstefnur á vegum BUSINESSEUROPE og í formennskulöndum ESB hverju sinni. Hefur Evrópuskrifstofan aðsetur í höfuðstöðvum BUSINESSEUROPE og greiðan aðgang að helstu sérfræðingum samtakanna. Þá hefur SA átt öflugt samstarf við fastafulltrúa annarra aðildarsambanda innan BUSINESSEUROPE og hugað sérstaklega að norrænum hagsmunum. Auk þess hafa tengsl verið styrkt við fulltrúa Eyrstrasaltsríkja og smærri aðildarfélaga er eiga oft samleið í brýnum málaflökkum. Þryðileg tengsl eru við íslensku fastanefndina í Brussel og fulltrúa ráðuneytanna þar. Fylgst er með starfi EFTA, Eftirlitsstofnunar EFTA og annarra stofnana eftir því sem tilefni er til.

#### 8.5 NORRÆNT SAMSTARF

Um áratuga skeið hafa Samtök atvinnulífsins og forverar þeirra átt mikið og gott samstarf við systursamtök á Norðurlöndum. Þau eru Dansk arbejdsgiverforening (DA), Dansk Industri (DI), Elinkeinoelämän keskusliitto (EK), Næringslivets Hovedorganisasjon (NHO) og Svenskt Näringsliv (SN). Formenn og framkvæmdastjórnar samtakanna hittast að jafnaði tvisvar á ári og svo eru haldnir árlegir fundir hagfræðinga, skattasérfræðinga, upplýsingastjóra og umhverfissérfræðinga. Auk þessa eru árlegir fundir um kjarasamninga og um vinnuumhverfi.

Á fundum sínum fjalla samtökin um það sem efst er á baugi t.d. í efnahagsmálum og alþjóðamálum. Einnig er fjallað um sameiginleg hagsmunamál og hvernig tekist er á við hin ýmsu viðfangsefni í löndunum og menn deila með sér reynslu og þekkingu. Á þessu ári er ætlunin að taka sérstaklega fyrir orkumál. Oft er fjallað um væntanlega löggjöf ESB á hinum ýmsu sviðum. Samstarf samtakanna hefur reynst afar gagnlegt.



# ÚTGÁFA OG KYNNING

## 9.1 VEFUR SA

Á vef Samtaka atvinnulífsins, [www.sa.is](http://www.sa.is), eru fréttir af hagsmunamálum atvinnulífsins. Þar er að finna afstöðu SA til hinna ýmsu mála en vefurinn gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun samtakanna. Síðastliðið ár hafa á fjórða hundrað fréttir birst á vefnum og hefur hann verið vel sóttur.

Á vef SA má finna upplýsingar um skipulag samtakanna, starfsemi og samþykktir þeirra. Auk þess efni um kjara- og vinnumarkaðsmál, efnahags- og skattamál og umhverfismál svo fátt eitt sé nefnt. Á vefnum er einnig að finna greinargott yfirlit og umfjöllun um viðburði á vegum samtakanna.

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að vera í góðu sambandi við félagsmenn sína en SA opnuðu m.a. á starfsárinu pósthólf fyrir jákvæðar fréttir þar sem aðildarfyrirtæki SA gátu sent inn góðar fréttir af rekstrinum sem gátu orðið öðrum hvatning.

## Vinnumarkaðsvefur SA

Á vinnumarkaðsvef SA er að finna gagnlegar upplýsingar um vinnumarkaðsmál, ráðningar starfsfólks og starfslok, launakostnað, orlof, hvíldartíma, veikindarétt, fæðingar- og foreldraorlof, jafnréttismál, vinnuvernd og margt fleira. Vinnumarkaðsvefurinn er aðeins opinn félagsmönnum SA.

## 9.2 AF VETTvangi

Rafrænt fréttabréf SA, *Af vettvangi*, er gefið út einu sinni í mánuði – nema í ágúst vegna sumarleyfa. Fréttabréfið kemur á framfæri sjónarmiðum SA og fréttum af atvinnulífinu auk þess að veita mánaðarlegt yfirlit um það helsta á vettvangi Samtaka atvinnulífsins. Fréttabréfið samanstendur að stærstum hluta af stuttum fréttum. Ítarlegri umfjöllun um hvert mál má nálgast á vef samtakanna. Hægt er að gerast áskrifandi að fréttabréfinu og fá það sent í tölvupósti, en það má einnig nálgast á vef SA.

## 9.3 ÚTGÁFA

Allt útgefið efni Samtaka atvinnulífsins er að finna á vef SA í rafrænu formi, m.a. allar ársskýrslur samtakanna frá stofnun þeirra 1999. Þar er m.a. að finna ítarlega umfjöllun um þróun efnahags- og atvinnamála undanfarinna ára.

## Uppfærum Ísland

Þann 18. apríl 2012 gáfu Samtök atvinnulífsins út nýtt rit þar sem er að finna tillögur að uppfærslu Íslands. Ritið byggir á umræðu um 100 stjórnenda úr íslensku atvinnulífi en fyrirtæki og samtök í atvinnulífinu kalla eftir sameiginlegri stefnumótun með stjórnvöldum um framtíð og þróun mennta-



kerfisins. Í ritinu er horft til framtíðar og skoðaðar hugmyndir og tillögur sem geta stutt við jákvæða þróun atvinnulífsins, breytt viðmóti og sýn fólks og opnað á nýja möguleika til atvinnusköpunar. Tillögurnar miða að því að styrkja menntakerfið og efla atvinnulífið með aukinni samvinnu skóla og fyrirtækja.

Í tengslum við útgáfuna var opnaður vefurinn: [www.uppfaerumisland.is](http://www.uppfaerumisland.is). Hugmyndin að vefnum er einföld en hann er vettvangur fyrir fólk sem hefur hugmyndir og tillögur að því hvernig hægt er að uppfæra Ísland – gera það að betri stað til að búa á. Tilgangurinn með honum er ekki að finna „bestu“ hugmyndina, eina stóra töfralausn sem breytir öllu til hins betra á einu bretti. Markmiðið er frekar að draga fram sem flestar litlar hugmyndir sem bæði eru áþreifanlegar og framkvæmanlegar. Hugmyndir sem hægt er að tala um, meta og gera eitthvað úr.

## Samkeppnislögin og framkvæmd þeirra

Þann 3. október 2012 kom út nýtt rit SA þar sem farið er yfir stöðu samkeppnismála á Íslandi og lagðar fram tillögur að því sem betur má fara en aðildarfyrirtæki SA, bæði stór og smá, hafa kvartað yfir því að samkeppnislöggjöfin sé bæði flókin og óljós og erfitt sé að fá leiðbeiningar frá Samkeppniseftirlitinu um hvernig þau geti metið hvort þau teljist í svokallaðri markaðsráðandi stöðu.

## Skattstofnar atvinnulífsins. Ræktun eða rányrkja

Samtök atvinnulífsins gáfu út þann 9. nóvember 2012 nýtt rit um skattamál atvinnulífsins undir yfirskriftinni *Ræktun eða rányrkja?* Í ritinu er leiðinni til betra skattkerfis lýst og settar eru fram tillögur að markvissum breytingum á næstu fjórum árum sem miða að því að bæta hag fólks, fyrirtækja og ríkissjóðs.







### Ný kaupgjaldskrá á vef SA

Kaupgjaldskrá sem gildir frá 1. febrúar 2013 er hægt að nálgast á vef SA en prentaða útgáfu má einnig fá á skrifstofu Samtaka atvinnulífsins. Launahækkanir 1. febrúar 2013 eru samkvæmt kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011



### Nýtt tímarit SA

Samtök atvinnulífsins gáfu út þann 31. janúar 2013 nýtt tímarit þar sem horft er til þeirra fjölmörgu tækifæra sem eru í atvinnulífinu. Þar er að finna uppskrift að því hvernig búa má til fleiri og betri störf á Íslandi á næstu árum og bæta lífskjör þjóðarinnar. Fjölmargir leggja til hráefni í uppskriftina en alls er rætt við yfir 30 stjórnendur í ritinu auk þess sem leitað var eftir hugmyndum meðal allra félagsmanna Samtaka atvinnulífsins.

Í ritinu er að finna snarpar greinar um efnahagsmál auk 12 tengdra sjónvarpsviðtala. Tengil á viðtölin má nálgast í tímaritinu, á forsiðu vefs SA og á slóðinni [www.sa.is/tv](http://www.sa.is/tv).



## 9.4 OPNIR FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Samtök atvinnulífsins hafa á starfsárinu 2012–2013 efnt til fjölda opinna funda og ráðstefna víðs vegar um Ísland. Ítarlega er fjallað um efni þeirra á vef SA en yfirlit yfir fundina er hér að neðan. Þá tóku SA þátt í ýmsum fundum og viðburðum í samvinnu við aðra aðila.



### Fjárfestum í eigin landi

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins efndu til opins fundar um opinberar fjárfestingar í ljósi rammaáætlunar, samgönguáætlunar og nýs Landspítala 25. apríl. Fundurinn fór fram á Hilton Reykjavík Nordica.



### Framtíð lífeyrismála

Þann 21. maí efndu Samtök atvinnulífsins, Öldrunarráð Íslands, Landssamtök lífeyrissjóða og Alþýðusamband Íslands til ráðstefnu á Grand Hótel Reykjavík um framtíð lífeyrismála á Íslandi.



### Afnám gjaldeyrishafta

Samtök atvinnulífsins efndu til opins morgunfundar um afnám gjaldeyrishafta á Hilton Reykjavík Nordica, miðvikudaginn 16. maí. Á fundinum var rætt um áætlun SA um afnám gjaldeyrishaftanna en Samtök atvinnulífsins telja það brýnasta hagsmunamál Íslendinga, að höftin verði afnumin sem fyrst þar sem þau valda þjóðinni sífellt meiri skaða.

Á fundinum tóku til máls Árni Páll Árnason, alþingismaður, Ólóf Nordal alþingismaður, Friðrik

Már Baldursson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA. Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, stýrði fundinum. Áætlun SA má finna á vef samtakanna á íslensku og ensku.

### Staðall um launajafnrétti kynntur 19. júní

Nýr staðall um jafnlaunakerfi var kynntur á opnum fundi á Grand Hótel Reykjavík 19. júní. Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og velferðar- ráðuneytið hafa frá því í árslok 2008 unnið að gerð staðalsins. Um er að ræða brautryðjendastarf í jafnréttismálum sem á sér ekki fordæmi en fyrirmyndir voru sóttar í alþjóðlega staðla um t.d. gæða- og umhverfisstjórnun.

Eins og aðrir staðlar verður hann valkvæður, þ.e. fyrirtækjum verður í sjálfsvald sett hvort þau innleiða hann. Með notkun staðalsins er fyrirtækjum auðveldað að koma á og viðhalda launajafnrétti kynja og geta þau fengið vottun þar um. Ávinningur fyrirtækis af notkun jafnlaunastaðalsins getur m.a. falist í bættri ímynd á grundvelli faglegar mannauðsstjórnunar og áherslna á samfélagsábyrgð og góða stjórnarhætti.

### Rætt um fjármögnunarsamninga

Yfir eitt hundrað manns mættu á opinn fund SA, SI og SVP um fjármögnunarsamninga fyrirtækja sem fram fór á Grand Hótel Reykjavík 29. júní. Þar var rætt um þá réttaróvissu sem skapast hefur í kjölfar nýlegra dóma og útreikning vaxta af erlendum lánum, sem dæmd hafa verið ólögleg. Þorsteinn Einarsson hrl. fjallaði um Lýsingardóminn og fordæmisgildi hans, Einar Hugi Bjarnason hrl. fjallaði um vexti ólöglegra erlendra lána og Hjördís D. Vilhjálmisdóttir, framkvæmdastjóri hjá Landsbankanum svaraði fyrirspurnum fundargesta.

### Mikilvægt samstarf háskóla og fyrirtækja

Fjölmörg tækifæri felast í auknu samstarfi fyrirtækja og háskóla. Þetta sagði Daði Már Kristófersson, forstöðumaður þróunar og samstarfsverkefna við Háskóla Íslands, m.a. á opnum fundi Samtaka atvinnulífsins sem fram fór 27. júní. Þar sagði Daði mikilvægt að stuðla með virkum hætti að því að nýta þessi tækifæri til að bæta lífsskilyrði á Íslandi og gera landið að eftirsóttum stað til að búa á. Því eru Samtök atvinnulífsins sammála en fundurinn markaði upphafið að vinnu þar sem markvisst verður reynt að tengja saman fyrirtæki, háskólanemendur og kennara sem munu leysa tiltekin verkefni sem miða að því að efla atvinnulífið.





### Samkeppnislögin og framkvæmd þeirra

Samtök atvinnulífsins efndu til opins kynningarfundar um samkeppnislögin og framkvæmd þeirra, á Hilton Reykjavík Nordica þann 3. október 2012. Þátttakendur fengu nýtt rit SA um viðhorf atvinnulífsins til samkeppnismála þar sem er að finna tillögur um það sem betur má fara. Aðildarfirmar SA, bæði stór og smá, hafa kvartað yfir því að samkeppnislöggjöfin sé bæði flókin og óljós og erfitt sé að fá leiðbeiningar frá Samkeppniseftirlitinu um hvernig þau geti metið hvort þau teljist í svokallaðri markaðsráðandi stöðu. Einnig benda fyrirtækin á að erfitt sé að fá leiðbeinandi upplýsingar um hvernig þeim beri að haga markaðsstarfi þannig að það samrýmist stöðu þeirra og hvernig samkeppnisyriföld skilgreina einstaka markaði en það hefur lykilyfðingu fyrir fyrirtækin.

Frummælendur á fundinum voru Pétur Reimarsson, forstöðumaður hjá SA, sem kynnti tillögur SA, Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, Ari Edwald, forstjóri 365, Heimir Örn Herbertsson, hrl. og Helga Melkorka Óttarsdóttir, hrl. Fundinum stýrði Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri Já.

Pétur Reimarsson sagði tillögur SA hógværar og miða að því að samkeppnislög og framkvæmd þeirra verði sambærileg og í samkeppnisríkjum Íslands. Ari Edwald, forstjóri 365, sagði á fundinum telja sérstaklega mikilvægt að skerpa á leiðbeiningarskyldu Samkeppniseftirlitsins og að vægi reglulegs samráðs við fyrirtæki og samtök þeirra verði aukið.

Heimir Örn Herbertsson, hæstaréttarlögmaður,

tók undir tillögur SA og kallaði eftir því að Samkeppniseftirlitið stæði sterkari vörð um markmið samkeppnislaga um að tryggja hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta með eflingu virkrar samkeppni. Einnig að Samkeppniseftirlitið taki meira frumkvæði og beiti sér af meiri krafti gagnvart stjórnvöldum og löggjafanum varðandi þau skilyrði sem atvinnulífinu eru sköpuð með hagsmunum virkrar samkeppni að leiðarljósi.

Helga Melkorka Ólafsdóttir, hæstaréttarlögmaður, fjallaði um áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Áfrýjunarnefndin er æðra stjórnvald og þangað verða ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins kærðar innan ákveðinna tímamarka. Nauðsynlegt er að kæra ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins fyrst til áfrýjunarnefndarinnar ef aðili máls ætlar að skjóta ákvörðun til dómstóla. Helga sagði mikið rætt og ritað um þann langa tíma sem rannsókn samkeppnismála taki enda væru samkeppnismál alla jafna flókin. Þannig geti tekið langan tíma að rannsaka þau og komast að niðurstöðu. Mikilvægt væri að stöðug umræða færi fram um hvað megi betur fara, ekki síður í samkeppnismálum en öðrum málum.

### Ræktun eða rányrkja?

Samtök atvinnulífsins kynntu þann 9. nóvember tillögur SA að umbótum á skattkerfinu í Hörpu fyrir fullum sal. Tillögurnar miða að því að tekin verði markviss skref á næstu fjórum árum til að bæta skattkerfið, auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, örva fjárfestingar, fjölga störfum og bæta lífskjör landsmanna. Vilmundur Jósefsson, formaður SA, flutti opunarávarp og stýrði fundi.

Frummælendur voru Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA, Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands og formaður SAF, Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka og formaður SFF, Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa á Íslandi og formaður Samáls, Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff og formaður SVÞ, Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf. Grindavík, Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika og formaður SI, Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte á Íslandi og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA

### Ósjálfbærar skattbreytingar

Vilmundur sagði í erindi sínu ósjálfbærar skattbreytingar stjórnvalda hafa gengið of nærri skattstofnunum. „Skattamál eru eitt helsta áhyggjuefni félagsmanna í Samtökum atvinnulífsins. Sífelldar breytingar á sköttum koma illa við fyrirtækin og





kalla stöðugt fram viðbrögð. Ólíkt því sem stjórnvöld virðast trúa þá breyta skattar hegðan þeirra sem þá greiða. Skattstofnar breytast því og þeir geta rýrnað ef óskynsamlega er að þeim staðið eða ef skattahækkningar verða óhóflegar.“

SA sömdu við ríkisstjórnina á sínum tíma um hvert skyldi verða hlutfall annars vegar niðurskurðar og hins vegar skattahækkana til að koma böndum á rekstur ríkissjóðs. „Nú ætlar ríkisstjórnin að efna til 20 milljarða króna útgjalda umfram þetta á kosningarárinu 2013. Afleiðingin er sú að aflið er sogið úr atvinnulífinu. Í stað þess að leggja áherslu á samkeppnishæft starfsumhverfi fyrirtækjanna er ráðist fram með nýja skatta og hækkun þeirra án nokkurs tillits til afleiðinganna. Dreigið er úr getu atvinnulífsins til að fjárfesta, ráða fólk, skapa ný verðmæti, vinna að úrbótum í umhverfismálum og hugsa til langs tíma. Það dregur hægar en ella úr atvinnuleysinu og verr gengur að bæta lífskjör alls almennings í landinu. Þannig munu skammtíma-sjónarmið verða til þess að draga úr skatttekjum ríkissjóðs til lengri tíma litið.“

Þá sagði Vilundur ljóst að engum myndi líðast að umgangast stofna í lífríkinu á sama hátt og stjórnvöld beiti skattatækjum sínum. „Það leiðir einungis til þess að viðkoma stofnanna bregst og árlegur afrakstur mun dragast saman. Þessi hugsunarháttur er eins fjarri hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og hugsast getur og væri betur að stjórnámálmenn umgangist fyrirtækin og atvinnulífið af virðingu.“

#### Milljón á fjölskyldu

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA, kynnti tillögur SA að breytingum á skattkerfinu. Í máli hans kom fram að skattahækkningar frá árinu 2008, varlega metið, hafi numið 87 milljörðum króna á verðlagi ársins 2013. Það samsvari 4,5% af vergri landsframleiðslu. Annar mælikvarði á hækkningar er að þær nemi árlega að meðaltali 270 þús. kr. á hvern íbúa eða einni milljón króna á fjögurra manna fjölskyldu. SA leggja til að á næstu árum verði stigið eitt skref til baka í

skattahækkunarhrinu undanfarinna ára, og álögur á fólk og fyrirtæki verði lækkaðar en hækkun skatta á undanföllum árum hefur einkum beinst að atvinnulífinu.

Þær skattahækkningar sem SA leggja til samsvara 47 milljarða skattalækkun í kyrrstöðu mynd en áhrif þeirra yrðu jákvæð fyrir tekjur hins opinbera til lengri tíma þar sem þær myndu stuðla að auknum vexti og þar með stærri skattstofnum.

#### Hægt að auka tekjur án mikilla skattahækkana

Árni Gunnarsson, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar og framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, benti á að ferðaþjónustan væri nú einn af þremur burðarásam í gjalddeyrissóflun þjóðarbúsins en greinin hafi verið veikburða fyrir aðeins fáum árum. Árni sagði hægt að auka tekjur samfélagsins enn frekar af ferðaþjónustunni en það verði ekki gert á sama tíma og skattar á greinina verði hækkaðir stórlega eins og stjórnvöld hafi boðað. Greinin sé á viðkvæmu stigi og ef ekki verði hugsað vel um þennan sprota í íslensku atvinnulífi sé allt eins víst að niðursveifla og samdráttur taki við eftir góðan vöxt með tilheyrandi tekjutapi fyrir ríkissjóð.

#### Hvar liggja þolmörk heimila og atvinnulífs?

Höskuldur H. Ólafsson, formaður Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) og bankastjóri Arion velti fyrir sér þolmörkum heimila og atvinnulífs þegar kemur að aukinni skattheimtu. Fram kom í máli Höskuldur að aðildarfélög SFF hafi greitt um 25 milljarða króna í skatta og álögur í fyrra eða um fjórum milljörðum meira en árið 2007 þegar bankakerfið var sem stærst. Þessi aukning er að stórum hluta komin til vegna aukningar á ótekjutengdum álögum. Höskuldur sagði slíka skattheimtu vera ósanngjarnari en tekjutengda skattheimtu og óumflýjanlegt sé að hún bitni á viðskiptamönnum fjármálafyrirtækja.

Á undanföllum árum hefur skattheimta og gjaldtaka sem beinist sérstaklega að fjármálafyrirtækjum aukist verulega. Höskuldur segir lykilatriði að skattlagning hér á landi sé í samræmi við það sem gerist í samkeppnislöndum okkar, annars verði



fjármálaþjónusta dýrari hér á landi. Gengið hafi verið full vasklega fram á undanföllum árum í að auka álögur á fjármálafyrirtæki og álagningu nýrra skatta.

#### *Aukin verðmætaframleiðsla lausnin*

Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa á Íslandi og formaður Samáls sagði m.a. að gott samstarf við stjórnvöld væri forsenda fyrir stöðugu rekstrarumhverfi sem fyrirtæki þurfi á að halda. Fjárfestingar í áliðnaði séu hugsaðar til áratuga og viðkvæmar fyrir breytingum. Því séu gerðir fjárfestingarsamningar til að lágmarka sveiflur í starfskilyrðum. Skattkerfið skipti miklu í þeim efnum, en með breytingum á því sé grundvelli fjárfestinganna breytt. AGS hafi m.a. varað við breytingum á skattumhverfi orkufreks iðnaðar árið 2011. Magnús segir það vonbrigði að ekki sé hægt að treysta á skriflega samninga við stjórnvöld, m.a. um tímabundinn raforkuskatt sem renna átti út um áramótin en verður þess í stað framlengdur einhliða um 5 ár.

Magnús segir bestu leiðina út úr miklum efnahagsvanda Íslendinga sé að framleiða aukin verðmæti. Áætlað sé að rekstur álvers í Helgúvík myndi t.d. skila einum milljarði króna á mánuði í bættri afkomu ríkissjóðs en verkið fái lítinn framgang. Þá vinni skattahækkningar gegn því að hægt sé að nýta fjárfestingartækifæri á Íslandi, stækka kökuna og skapa auknar tekjur.

#### *Verslun verði sambærileg og í nágrannalöndum Íslands*

Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVP og framkvæmdastjóri Pfaff, kallaði m.a. eftir því að rekstrarumhverfi verslunarinnar verði sambærilegt og þekkist í nágrannalöndum Íslands. Mikilvægt sé að koma í veg fyrir tvítollun á fatnaði til landsins og taka þurfi til í úreltu vörugjaldakerfi. Margrét auglýsti eftir bandamönnum til að lækka vöruverð á Íslandi og ná þannig fram bættum kaupmætti.

„Íslensk verslun starfar í alþjóða samkeppni og ef umhverfi okkar er ekki samkeppnishæft – ef löggöngu eru á okkur gjöld sem samkeppnisaðilar okkar sleppa við – þá er heimurinn ekki orðinn flóknari en svo að verslunin flyst einfaldlega úr landi. Og þar með störf og tekjur sem að öðrum kosti – í flestum tilfellum – hefðu orðið eftir í íslensku hagkerfi.“

#### *Tækifæri á Codlandi en skatturinn gæti skemmt fyrir*

Fjöldmörg tækifæri eru innan íslensks sjávarútvegs til að auka verðmæti með fullvinnslu afurða. Þetta kom fram í máli Péturs Hafsteins Pálssonar, fram-

kvæmdastjóra Vísis í Grindavík. Hann sagði m.a. frá verkefninu Codland en það er klasaverkefni fyrirtækja sem vinna verðmæti úr aukaafurðum. Markmiðið er að tvöfalda afurðaverð þorsksins, en blikur eru á lofti því aukin skattheimta stjórnvalda, m.a. stórukin veiðigjöld, kippa stöðunum undan verkefni sem þessu þar sem meginhluti ávinningsins af aukinni verðmætasköpun fer til ríkisins. Hvati til framþróunar og nýsköpunar verður því lítill sem enginn ef ekki verður breytt um stefnu.

Pétur segir að sjávarútvegsfyrirtæki hafi átt góð samskipti við ýmsa frumkvöðla og fræðimenn sem hafi hingað til ekki verið taldir tilheyra sjávarútvegnum en gætu orðið mikilvægir drifkraftar til aukinnar verðmætasköpunar. Á Íslandi hafi í auknum mæli verið unnið úr aukaafurðum eins og hausum, beinum, lifur og öðrum innmat.

#### *Fjárfesting í nýsköpunarfyrirtækjum veiti skattaafslátt*

Samtök atvinnulífsins leggja til að skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum verði tekinn upp. Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins og forstjóri Stika, talaði fyrir tillögunni á fundi SA um skattamál þann 9. nóvember sl. En SI hafa lagt mikla áherslu á að tilagan verði að veruleika. Á fundi SA sagði Svana m.a. að til að Ísland geti verið samkeppnishæft á heimsvísu og búið við velsæld þurfi viðvarandi hagvöxt. Undirstaða þess sé fjölbreytt atvinnulíf sem byggji á þekkingu og hugviti sem skapi verðmæti til útflutnings. Nýsköpun og öflugt rannsóknar- og þróunarstarf sé nauðsynleg forsenda þess að fyrirtæki vaxi og dafni.

#### **Hvers vegna Global Compact?**

Samtök atvinnulífsins buðu til morgunverðarfundar um Global Compact – sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð – í samvinnu við Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, þann 13. nóvember á Hótel Natura. Á fundinum sögðu fulltrúar íslenskra fyrirtækja sem hafa skrifað undir Global Compact sáttmála frá reynslu sinni og ræddu mögulegan ávinning. Samtök atvinnulífsins eru tengiliður á Íslandi við Global Compact. Á fundinum kom fram í máli stjórnenda hjá Össuri, Odda og ÁTVR að Global Compact væri hentugt verkfæri fyrir fyrirtæki til að vinna með samfélagsábyrgð.

#### **Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs**

Samtök atvinnulífsins eiga sæti í vinnuhópi um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs sem starfar á vegum velferðarráðuneytisins. Ráðuneytið í samstarfi við Jafnréttisráð og Jafnréttisstofu boðaði til





morgunverðarfundar um málið þann 20. nóvember. Hlutverk vinnuhópsins er meðal annars að koma með tillögur um hvernig auðvelda megi fólki að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Upp-taka af fundinum er aðgengileg á nýjum vef sem helgaður er málefnum. Þar er hægt að horfa á fróðleg erindi þar sem leitað er svara við því hvers vegna fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög ættu að hafa fjölskyldustefnu. Hvernig hægt sé að innleiða fjölskyldustefnu í vaktavinnu og hvaða áhrif upplýsingatækni hafi á starfsumhverfið. Sjá nánar á [www.hiðgullnajakfnvægi.is](http://www.hiðgullnajakfnvægi.is).

### Áskoranir og sóknarfæri á norðurslóðum

Utanríkisráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Íslandsstofa buðu til opins fundar um áskoranir og sóknarfæri sem tengjast auknum efnahagsumsvifum á norðurslóðum þann 22. nóvember. Miðað við núverandi þróun má gera ráð fyrir að fjárfestingar á norðurslóðum geti numið allt að 100 milljörðum dollara á næstu tíu árum, m.a. vegna olíu- og gasframleiðslu, nýtingar náttúruauðlinda, uppbyggingar samgönguinnviða, ferðaþjónustu og fjarskiptatækni.

### Gardínuhljóðeyfir líklegur til framleiðslu

Snilldarlausnir Marel 2012 litu dagsins ljós um miðjan nóvember þegar tilkynnt var um úrslit í hugmyndasamkeppni framhaldsskólanna. Samtök atvinnulífsins eru bakhjarl keppinnar ásamt Marel en Innovit nýsköpunar- og frumkvöðlasetur sér um framkvæmd hennar. Á hvert veita Samtök atvinnulífsins sérstaka viðurkenningu fyrir þá hugmynd sem líklegust er til framleiðslu og í ár var það gardínuhljóðeyfir sem þótti skara fram úr á því sviði. Snilldarlausnin sjálf reyndist vera framúrstefnulegur tölvuvagn og þá þóttu takkaarbönd og herðabeltistré einnig snilldarhugmyndir.

### Reynsla Eistlands af upptöku evru og aðild að ESB

Utanríkisráðuneytið og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands buðu til opins fundar með Urmas Paet, utanríkisráðherra Eistlands, 19. desember í Þjóðmenningarhúsinu. Þar fjallaði Paet um reynslu Eistlands af Evrópusambandsaðild og þátttöku í myntsamstarfinu. Fundurinn var haldinn í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands. Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, opnaði fundinn.

### Fleiri störf – betri störf

Samtök atvinnulífsins efndu til opins fundar um atvinnumálin í Hörpu þann 31. janúar undir yfirskrift-

inni *Fleiri störf – betri störf*. Þar steig fjölbreyttur hópur stjórnenda á stokk og fjallaði um leiðir til að fjölga störfum á Íslandi og bæta kjör þjóðarinnar.

Ásdís Halla Bragadóttir, stjórnarformaður Sinn-um, Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, Sigríður Heimisdóttir, iðnhönnuður, Kolbeinn Kolbeinsson, forstjóri Ístaks, og Eva María Þórarinsdóttir Lange, eigandi og framkvæmdastjóri Pink Iceland lögðu fram sínar hugmyndir auk þess sem Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA, brá upp mynd af vinnumarkaðnum og Halldór Árnason, hagfræðingur hjá SA, fjallaði um tækifæri á sviði menntamála.

Vilmundur Jósefsson, formaður SA, stýrði fundi og flutti upphafsorð en Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, fór yfir uppskriftina að fleiri og betri störfum. Vilmundur lagði ríka áherslu á samstöðu í erindi sínu.

„Samtök atvinnulífsins vilja kalla sem flesta til samvinnu um að skapa fleiri störf og betri störf. Við munum á næstu vikum móta sameiginleg áhersluatriði í þessum efnunum með Alþýðusambandi Íslands. Í kjölfarið verður óskað eftir viðbrögðum stjórnmalaflokkanna. Von okkar er sú að það sé grundvöllur að viðtækri samvinnu stjórnmalamanna og samtaka á vinnumarkaði þar sem markmiðið verði að sækja fram, skapa fleiri og betri störf, auka hagvöxt og bæta lífskjör.“

### Fundaröð SA um Ísland

Samtök atvinnulífsins efndu til fundaraðar um atvinnumálin á Íslandi í febrúar 2013. Á sjö virkum dögum var efnt til 10 funda í Vestmannaeyjum, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Höfn, Selfossi, Ísafirði, Grundarfirði og Reykjanesbæ. Á fundunum var fjallað um mikilvægi þess að skapa fleiri og betri störf á Íslandi á næstu árum og bæta lífskjör þjóðarinnar.

Vilmundur Jósefsson, formaður SA, og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, ræddu um tækifærin í atvinnulífinu og hvað þurfi að gera til að árangur náist. Auk þess ræddu stjórnendur fyrirtækja á hverjum stað um sóknarfærin auk fundarmanna.

Markmið fundanna var m.a. að leita eftir hugmyndum sem gætu nýst við mótun sameiginlegrar atvinnustefnu með Alþýðusambandi Íslands eins og ákveðið var að ráðast í við endurskoðun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í janúar. Í kjölfarið verður stefnan lögð fyrir stjórnmalaflokkanna og óskað eftir viðbrögðum þeirra. Um 300 manns mættu til fundanna og þakka Samtök atvinnulífsins öllum þeim sem komu til fundanna, komu með góðar hugmyndir og ræddu tækifærin sem eru til staðar.



# REKSTUR SA, INNRA STARF OG SKIPULAG

## 10.1 STÖRF AÐALFUNDAR

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica miðvikudaginn 18. apríl 2012. Vilmundur Jósefsson, formaður SA, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn kl. 13. Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, var kjörinn fundarstjóri og Guðrún Eyjólfsdóttir fundarritari. Fram fóru venjuleg aðalfundarstörf. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri samtakanna, gerði grein fyrir ársskýrslu SA og kynnti reikninga samtakanna sem voru samþykktir samhljóða. Þá ræddi Vilhjálmur stöðu efnahagsmála og þróun á vinnumarkaði.

Rakel Olsen, formaður kjörstjórnar greindi frá niðurstöðu í formannskjöri Samtaka atvinnulífsins en Vilmundur Jósefsson var endurkjörinn formaður SA starfsárið 2012–2013 með 93% greiddra atkvæða. Um var að ræða rafræna kosningu meðal aðildarfyrirtækja SA og var þátttaka góð.

### Breytingar á stjórn SA

Þá lýsti Rakel Olsen kjöri stjórnar SA fyrir starfsárið 2012–2013. Ný inn í stjórn samtakanna komu Ólafur Marteinsson hjá Ramma hf, Gunnar Sværison hjá ÍAV, Svana Helen Björnsdóttir hjá Stika hf. og Jens Pétur Jóhannsson hjá Rafmagnsverkstæði JRJ ehf. Jens var áður áheyrnarfulltrúi í stjórninni sem fulltrúi SART, Samtaka rafvertaka, en kemur inn sem fullgildur stjórnarmaður eftir að SART og Samtök iðnaðarins sameinuðust í nóvember 2011. Úr stjórninni gengu Hermann Guðmundsson, N1, Aðalheiður Héðinsdóttir, Kaffitári, Loftur Árnason, Ístaki og Kristín Pétursdóttir, Auði Capital.

Samþykkt var að fela PwC að sjá um endurskoðun reikninga Samtaka atvinnulífsins á komandi starfsári.

### Breytingar á samþykktum

Á aðalfundi SA voru bornar fram tvær breytingar-tillögur á samþykktum Vinnudeilusjóðs og voru þær samþykktar samhljóða. Breytingarnar fela í sér greiðslu á 400 milljónum króna til aðildarsamtaka SA úr sjóðnum á árinu 2012 í hlutfalli við vægi þeirra samkvæmt atkvæðaskrá fyrir aðalfund 2012. Þessi greiðsla er einstök og verður ekki endurtekin.

### Uppfærum Ísland

Opin dagskrá aðalfundar SA hófst kl. 14 undir yfirskriftinni *Uppfærum Ísland*. Húsfyllir var á Nordica en um 400 manns úr íslensku atvinnulífi komu til fundarins og hlýddu á ávörp Vilmundar Jósefssonar, formanns SA, og Christoffer Taxell, forystumanns í finnsku atvinnulífi og fyrrverandi menntamálaráðherra Finnlands. Þá fjölluðu fjórir stjórnendur um leiðir til að uppfæra Ísland og sækja fram, Sjöfn

Sigurgísladóttir, einn stofnenda Íslenskrar matorku, Edda Lilja Sveinsdóttir, sviðsstjóri verkfræðisviðs Actavis, Marín Magnúsdóttir, eigandi Practical og Kjartan Ragnarsson, forstöðumaður Landnámsseturs Íslands. Flutt voru þrjú sjónvarpsinnslög þar sem sjónum var beint að Marel, Ölgerðinni og Skemu og framsæknu starfi þeirra. Á fundinum kom út nýtt rit SA, *Uppfærum Ísland*, þar sem er að finna tillögur að uppfærslu Íslands. Ritið byggir á umræðu nær 100 stjórnenda úr íslensku atvinnulífi en fyrirtæki og samtök í atvinnulífinu kalla eftir sameiginlegri stefnumótun með stjórnvöldum um framtíð og þróun menntakerfisins.

### Gjaldeyrishöftin afnumin sem fyrst

Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, kom víða við í ræðu sinni en hana má lesa í heild á vef SA. Vilmundur ræddi m.a. um skaðsemi gjaldeyrishafta og mikilvægi þess að þau verði afnumin hið fyrsta. Vilmundur sagði lykilorðsöndu fyrir trúverðugri áætlun um afnám gjaldeyrishafta að fylgja stífri, tímasettri áætlun. Hann sagði SA leggja til að sett verði lög um afnám gjaldeyrishafta sem kæmu til framkvæmda í ársbyrjun 2013 og fjallaði Vilmundur um hugmyndir SA í ræðunni.

Hann ræddi einnig stöðuna á vinnumarkaði, yf-irgripsmiklar vanefndir ríkisstjórnarinnar á loforðum í tengslum við gerð kjarasamninga, m.a. varðandi fjárfestingar og samráð um sjávarútvegsmál, ný frumvörp um stjórn fiskveiða, peningastefnu, gósentíð í eftirlitsstarfsemi, lífeyrismál og fleira.

Vilmundur sagði kjarasamningana sem gerðir voru við ASÍ í maí 2011 hafa verið atvinnulífinu dýra. „Kjarasamningarnir eru bundnir forsendum um þróun kaupmáttar, verðbólgu, gengis krónunnar og um efndir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Samningsaðilar voru sammála um að ekki kæmi til uppsagnar samninga í janúar síðastliðnum þrátt fyrir að verulega skorti á að yfirlýsing ríkisstjórnarinnar hafi verið efnd. Í janúar næstkomandi stefnir í að gengi krónunnar verði mun lægra en forsendur samninganna gera ráð fyrir. Launakostnaður hefur aukist verulega meira en samningarnir fólu í sér þar sem launaskrið hefur mælst um 3% síðastliðna 12 mánuði. Einnig ríkir óvissa um þróun kaupmáttar þar sem verðbólga virðist ætla að verða meiri en gert var ráð fyrir. Vandi atvinnulífsins er sá að gert var ráð fyrir að aukin umsvif í hagkerfinu myndu létta undir með fyrirtækjunum að standa undir launahækkunum. Enn eru fjárfestingar í algeru lágmarki og ekki sjáanlegar neinar verulegar breytingar þar á. Það eru því verulegar líkur á því að heimild til uppsagnar kjarasamninga muni skapast í janúar 2013. Aðstæður bjóða hins vegar alls ekki







upp á svigrúm til frekari launahækkana en þeirra sem um var samið fyrir nær ári síðan.“

Vilmundur sagði samskiptin við ríkisstjórnina hafa valdið vonbrigðum. „Samtök atvinnulífsins hafa undir höndum margítrekaðar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að greiða fyrir fjárfestingum í virkjunum, verkefnum tengdum orkunýtingu og mikilvægum innviðum í landinu ásamt loforðum um önnur atriði eins og samstarf um sjávarútvegs- mál. Það eru SA mikil vonbrigði að ríkisstjórnin skuli aftur og aftur hafa brugðist eigin orðum, skrifuðum og sögðum. Tilkynning SA síðastliðið haust um að samtökin muni ekki hafa frumkvæði að neinum frekari samskiptum við ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur var því sjálfgefin. Það hefur engan tilgang að leita eftir nýjum loforðum sem hvorki er geta né vilji til að efna.“

Vilmundur vék að auknu umfangi ýmiss konar eftirlits með atvinnulífinu og neikvæðum áhrifum þess á atvinnusköpun.

„Nýlega voru sett á Alþingi lög um skeldýrarækt sem lýsa vandanum ágætlega og hvernig eftirlitsaðilar og stofnanir tryggja vald sitt. Kræklingarækt er í grunn afar einföld og felst í því að leggja kaðla í sjó og bíða eftir því að kræklingar festi sig þar á og vaxi upp í tiltekna stærð. En það þarf eftirlit þriggja aðila Fiskistofu, Landhelgisgæslu og Matvælastofnunar með starfsemi undir stjórn ráðherra. Tilraunaleyfi eru veitt til að hámarki 6 ára og um þau fjalla Fiskistofa, viðkomandi sveitarstjórn, Matvælastofnun, Landhelgisgæslan, byggingarfulltrúi, Hafrannsóknarstofnun, Siglingastofnun, Umhverfisstofnun, Orkustofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Svo þarf að sækja um ræktunarleyfi að loknu tilraunatímabili og þá þurfa sömu aðilar að fjalla um málið að nýju. Að sjálfsgöðu er allur kostnaður innheimtur hjá umsækjanda. Hvenær sem er má afturkalla leyfin af ýmsum ástæðum. Þegar þetta er hugleitt er miklu nær að kalla þetta lög um bann við skeldýrarækt. Það er erfitt að sjá fyrir sér að þessi lög verði til að hvetja til fjárfestingar á þessu sviði.“

Vilmundur ræddi einnig um norræna velferð. „Það hefur komið fram að ríkisstjórnin vill gjarnan láta kalla sig norrænu velferðarstjórnina vegna þess að hún hugðist byggja starf sitt á norrænni fyrirmynd. Það liggja fyrir ágætast greiningar hvað felist í þeirri fyrirmynd og hvers vegna hagkerfi Norðurlanda og félagslegt velferðarkerfi þeirra er jafn öflugt og raun ber vitni. Almenn er talið að opið hagkerfi, samkeppnishæf rekstrarskilyrði, friður á vinnumarkaði ásamt áherslu á að frumkvæði einstaklinga fái að njóta sín og þeir njóti ávaxtanna af starfi sínu hafi lagt grunn að öflugu mennta-,

heilbrigðis- og félagslegu stuðningskerfi. Þannig byggir norræna velferðarkerfið á öflugu atvinnulífi, sterkum fyrirtækjum og hagvexti sem skapar skatttekjur og leggur þannig grunn að velferðinni.

Það liggur því ljóst fyrir hvað felst í verkefnum norrænnar velferðarstjórnar á Íslandi. Verkefnið er að skapa sátt um samkeppnishæft rekstrarumhverfi sjávarútvegsins, hvetja til aukinnar fjárfestingar á öllum sviðum, skapa sátt um rammaáætlun um orkunýtingu og að ráðast í virkjanir í neðri hluta Þjórsár, hvetja til erlendar fjárfestingar, meðal annars verkefna til nýtingar orkunnar, afnema gjald-eyrishöftin og skapa hér skilyrði til að reka öflug og samkeppnishæf fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi. Í kjölfarið fylgja auknar skatttekjur sem gera stjórnvöldum kleift að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin. Í stað þessa fer ríkisstjórnin með völd sín yfir atvinnulífinu eins og herfang sem hægt sé að ráðstafa að vild í stað þess að leita sátta.

Með þetta í huga er ljóst að ríkisstjórnin og stefna hennar fellur alls ekki að norrænu fyrirmyndinni. Þvert á móti hefur hún lagt í heilagt stríð við fyrirtækin án þess að átta sig á því að um leið er það stríð við hagsmuni alls almennings.“

Að endingu vék Vilmundur að verkefninu *Uppfærur Ísland*. „Það sem atvinnulífið kallar eftir í menntun og rannsóknnum er aukið samstarf skóla, stofnana og fyrirtækja. Aukin áhersla á starfsnáms og raungreinar eru lykilþættir til að svara brýnni þörf fyrir fólk sem atvinnulífið þarf á að halda. Sameiginleg stefnumótun atvinnulífs og stjórnvalda um framtíð og þróun menntakerfisins er lykill að farsælli uppbyggingu og verðmætasköpun til langrar framtíðar.

Aukin verðmætasköpun í atvinnulífinu skapar betri lífskjör, eykur tekjur hins opinbera, minnkar atvinnuleysi og fjölgar störfum. Í stað þess að eiga í sífelldu stríði við atvinnulífið ætti ríkisstjórnin að tileinka sér þessi einföldu sannindi. Þá mun henni farnast betur, fyrirtækin taka við sér og allur almenningur njóta góðs af. Samtök atvinnulífsins vilja uppfæra Ísland.“

### Öflug menntun forsenda sterkra fyrirtækja og góðra lífskjara

Christoffer Taxell fjallaði í erindi sínu um mikilvægi menntunar fyrir atvinnulífið. Hann sagði að auka verði samvinnu menntastofnana og stjórnvalda við atvinnulífið við að móta áherslur í nýsköpun. Efling nýsköpunar eigi jafnframt að gera að sérstöku forgangsverkefni stjórnvalda og mikilvægt sé að skapa sameiginlega sýn um hvert stefna skuli.

Christoffer hefur viðtæka reynslu úr finnskum stjórnámum og athafnalífi en hann var formaður

erlends sérfræðingahóps sem íslensk stjórnvöld fengu til að gera úttekt á menntakerfi, rannsóknnum og nýsköpun í kjölfar bankahrunsins. Meginskilaboð hópsins birtust í skýrslu sem skilað var í maí 2009 og voru þau að tryggja yrði sem best fjármagn til menntunar á öllum stigum, endurskipuleggja þyrfti mennta- og rannsóknakerfið, leggja áherslu á nýsköpun og hrinda ákveðnum skipulagsbreytingum hratt í framkvæmd.

Meðal fjölmargra tillagna má nefna að stefnt skyldi að því að háskólarnir yrðu einungis tveir og aukin áhersla yrði lögð á gæði og árangur. Hann undirstrikaði sérstaklega að ekki mætti gleyma góðri grunnmenntun í allri nýsköpunar- og há-tækniúræðunni – á henni byggja í raun allt.

Taxell fjallað einnig um reynslu Finna af því að ganga í gegnum djúpa kreppu á árunum eftir 1990 en atvinnuleysi í Finnlandi fór hæst í 18%. Eitt af þeim atriðum sem kom Finnlandi út úr krepunni var umtalsverð fjárfesting í rannsóknum og þróunarstarfi sem lagði grunn að öflugum nýsköpunarfyrirtækjum.

Þá fjallaði hann um stöðu efnahagsmála á alþjóðavettvangi og í gamni og alvöru benti hann fundargestum á þá staðreynd að enginn hafi í raun áhuga á efnahagsmálum smáþjóða nema þær sjálfar – það eigi bæði við um Finnland og Ísland. Það sé því í okkar höndum að taka til hendinni og vinna okkur út úr vandanum sem við er að etja. Með góðri samvinnu stjórnvalda, atvinnulífs og menntastofnana, sameiginlegri stefnumörkun þessara aðila, geti smæð landsins hins vegar verið styrkur frekar en veikleiki.

### Nýtum tækifærin

Að loknum erindum formanns SA og Christoffer Taxell fjölluðu fjórir stjórnendur um tækifærin sem eru til staðar í íslensku atvinnulífi.

Sjófn Sigurgísladóttir, einn stofnenda Íslenskrar matorku sagði hægt að auka verðmætasköpun verulega á Íslandi með auknu fiskeldi. Aðstæður hér væru um margt góðar og sérstakar. Hér væri t.d. nóg af hreinu vatni og endurnýjanlegri orku sem mætti nýta til að búa til hágæðaaufurðir. Útflutningsverðmæti eldisfisks frá Íslandi nemur nú 2,7 milljörðum króna á ári. Sjófn sagði að stefna ætti að því að auka útflutningsverðmætið í 400 milljarða á ári en til samanburðar er útflutningsverðmæti sjávarútvegsins um 250 milljarðar á ári.

